FRÉTTABLAÐIÐ
263. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 7. NÓVEMBER 2018



Allar björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu leituðu að Guðmundi Benedikt Baldvinssyni í efri byggðum Reykjavíkur, það er að segja í og í kringum Norðlingaholt og Breiðholt, í gær. Leitin hafði ekki borið árangur þegar Fréttablaðið fór í prentun. Lýst var eftir Guðmundi á mánudaginn, en þá kom fram að ekki hafði sést til hans síðan á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þriggja milljarða innspýting dugði ekki

**WOW air gerði nýverið sölu- og endurleigusamning um fjórar vélar upp á um 25 milljónir dala. Féð fer upp í skuldir við kröfuhafa. Stjórnendur Icelandair ætla ekki að óska eftir undanþágu frá samkeppnislögum svo kaupin á WOW komi til framkvæmda strax.**

**VIÐSKIPTI** Samningur sem WOW air gekk nýverið frá vegna sölu og endurleigu á fjórum vélum, sem flugfélagið fær greiddar um 25 milljónir dala fyrir, jafnvirði um þriggja milljarða króna, dugði ekki til að rétta við bágborna lausafjárstöðu félagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórnendur WOW air gerðu sér grein fyrir því í síðustu viku, að sögn heimildarmanna, að féð myndi ekki nýtast í reksturinn, eins og vonir stóðu til, heldur renna til kröfuhafa, svo sem birgja félagsins, sem myndu í framhaldinu krefjast meðal annars frekari trygginga fyrir skuldum flugfélagsins. Ekki væru horfur á því að lausafjárstaða WOW air, sem var þegar orðin afar slæm, myndi því batna að neinu ráði.

Icelandair Group hyggst hins vegar ekki sækja um undanþágu frá samkeppnislögum til þess að láta kaup félagsins á WOW air koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið rannsakar þau. Þetta staðfestir Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair Group.

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti við HR, segir að í samrunamáli Icelandair og WOW air geti komið til skoðunar hvort síðarnefnda félagið sé á fallanda fæti í skilningi samkeppnisréttar. Samkeppnisyfirvöldum beri að samþykkja samruna ef slík sjónarmið eigi við þótt leiða megi rök að því að samkeppni minnki í kjölfar samrunans. „Hins vegar er slík niðurstaða háð afar ströngum skilyrðum. Það er ekkert fast í hendi að hver sem er megi kaupa félag þó svo að það sé illa statt fjárhagslega,“ nefnir Heimir Örn.

**14**

**milljarðar króna er hækkun á markaðsvirði Icelandair frá því í byrjun vikunnar.**

Ef Icelandair Group og WOW air byggja á því í málatilbúnaði sínum fyrir Samkeppniseftirlitinu að síðarnefnda félagið sé á fallanda fæti, eins og líkur benda til, og því beri að heimila yfirtökuna, þá þurfa félögin meðal annars að sannfæra eftirlitið um að enginn raunhæfur möguleiki hafi verið á því að selja WOW air til annarra félaga en Icelandair Group.

Heimildir Markaðarins herma að í því sambandi muni forsvarsmenn WOW air gera eftirlitinu grein fyrir ýmsum misheppnuðum viðræðum sem þeir hafi undanfarið átt við fjárfesta um kaup á hlutafé í flugfélaginu. Tilraunir til þess að fá fjárfesta að borðinu séu þannig fullreyndar.

**– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Playboy-kanína hjá Tarantino

**LÍFIÐ** Leikkonan María Birta Bjarnadóttir landaði hlutverki Playboy-kanínu í kvikmyndinni Once Upon a Time in Hollywood, eftir Quentin Tarantino. Þau Margot Robbie, Leonardo DiCaprio og Brad Pitt leika helstu hlutverk í myndinni sem fjallar um morðið á leikkonunni Sharon Tate sem Manson-klíkan framdi.

„Ég fékk þann mikla heiður að fá að taka þátt í þessu meistaraverki og er búin í tökum,“ segir María Birta.

**– bb / sjá síðu 36**



María Birta.

## Spyr um rétt fósturs til lífs

**SKOÐUN** Þingmenn þurfa að svara spurningunni um hver réttur fósturs eða barns til lífs er við umræður um frumvarp um þungunarrof sem leyfir konum að enda meðgöngu upp að 23. viku. Þetta segir í grein Ebbu Margrétar Magnúsdóttur fæðingarlæknis, sem hún skrifar í blaðið í dag.

Ebba segir að öll líffærakerfi myndist á fyrstu tólf vikum meðgöngu. Eftir 23. viku sé fóstrið orðið lífvænlegt.

„Ef fyrirburafæðing er yfirvofandi er allt gert til að stoppa hana og móðurinni gefnar sterasprautur til að auka lungnaþroska barnsins ef það skyldi nú fæðast fyrir tímann. Hér er því í raun spurning um örfáa daga milli þess að reyna að bjarga lífi og þess að deyða það,“ segir í greininni.

**– þea / sjá síðu 9**









## Veður




Gengur í austanstorm með úrkomu. Slydda eða hríðarveður víða til fjalla seinnipartinn. Hvassast syðst og NV til og talsverðar vindhviður við fjöll. Hiti 1 til 6 stig. SJÁ SÍÐU 16



**Stækkað við ketti.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Villikettirnir fá heilt einbýlishús

**DÝRAHALD** Bæjarráð Hveragerðis hefur samþykkt að félagið Villikettir fái allt einbýlishúsið á Hveramörk 7 til umráða en ekki bara bakhýsið eins og áður var ákveðið.

Hveragerðisbær samdi við Villiketti um að sinna útigöngukóttum í bænum, meðal annars fanga þá og gelda. Hugðist félagið geyma villiketti í bakhýsinu. Í minnisblaði Aldísar Hafsteinsdóttur bæjarstjóra segir að komið hafi í ljós að bakhýsið henti starfseminni afar illa. Hún stingi því upp á að verða við ósk Villikatta um að fá sjálft íbúðarhúsið sem sé ekki í annarri notkun. Villikettir muni skila húsinu í vor ef bæjarfélagið þurfi á því að halda. „Enginn kostnaður myndi fjalla á sveitarfélagið ef þessi breyting á húsakosti yrði samþykkt,“ segir í minnisblaðinu. **– gar**

## FRÉTTABLAÐIÐ

**www.frettabladid.is**

Kosið var til þings, ríkisstjóra og ýmislegs annars í Bandaríkjunum í gær. Fréttablaðið.is var á vaktinni og má nálgast allar helstu upplýsingar um kosningarnar, sem frambjóðendur beggja flokka hafa kallað mikilvægustu miðkjörtímabilskosningar sögunnar, á vefnum. Kjörstöðum lokaði eftir að Fréttablaðið var farið í prentun.

## Allt fínpússað



Kokkalandsliðið var á fullu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á síðustu æfingu liðsins fyrir heimsmeistaramótið í Lúxemborg síðar í mánuðinum. Landsliðið hefur verið að leggja lokahönd á matseðla sína að undanförnu. FRÉTTBLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir af æfingunni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Gaf stjórn skýrslu um fréttaflutning

**ORKUMÁL** „Tilefnið var ærið,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, sem mætti á síðasta stjórnarfund fyrirtækisins og fór yfir fjölmiðlaumfjöllun um OR í september og október.

Aðspurður segir Eiríkur ekki óalgengt að stjórnin fari yfir fréttaflutning af fyrirtækinu. Að þessu sinni hafi verið farið yfir mál sem tengdust atburðum sem urðu í september. Þá var framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar, dótturfyrirtækis OR, sagt upp störfum vegna „óviðeigandi framkomu“ í garð samstarfsmanna. Forstjóri OR er í leyfi á meðan gerð er úttekt á þessum málaflokki í samstæðunni.

Eiríkur segir ekki ljóst hvenær úttektinni lýkur. Gert hafi verið ráð fyrir að það yrði í fyrri hluta þessa mánaðar. **– gar**




# Loftræstikerfið ærði starfsfólk Seðlabanka

**Óánægja með loftgæði í Seðlabankanum leiddi til þess að aukinn kraftur var settur í loftræstikerfi bankans. Í kjölfarið fjölgaði kvörtunum vegna hávaða. Málið var leyst með heyrnartólum fyrir 3,8 milljónir. „Vinnuverndaraðgerð.“**

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabanki Íslands keypti nýverið hljóðdempandi heyrnartól fyrir rétt um hundrað starfsmenn bankans en um vinnuverndaraðgerð var að ræða. Kostnaður við innkaupin nam um 3,8 milljónum króna.

Forsaga innkaupanna er nokkur. Undanfarin ár hefur opnum vinnurýmum í bankanum verið fjölgað og nú er svo komið að um sjötíu prósent starfsmanna starfa í slíkum rýmum. Rýmum sem þessum fylgir oft aukinn hávaði og truflun í tengslum við störf fólks í kring og þá hefur komið í ljós að hljóðmengun frá loftræstikerfi hússins hefur aukist við breytingarnar. Starfsstöðvar SÍ við Kalkofnsveg 1 eru þannig gerðar að þar eru ekki opnanlegir gluggar.

Í svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að vorið 2017 hafi verið gerð könnun meðal starfsmanna þar sem í ljós kom að 42 prósent þeirra voru óánægð með loftgæði í húsinu. Meðal annars var kvartað yfir þungu lofti, hávaða frá loftræstikerfi, matarlykt frá eldhúsi og óþef af gólfteppum.

Í svarinu er einnig tilgreint að í kjölfar könnunarinnar hafi verið leitað ráða um hvað væri hægt til bragðs að taka til að bæta úr stöðu mála. Loftgæði voru mæld í tvígang og gripið til aðgerða til að bæta stýringu á hita í húsinu, loftræsting frá eldhúsi bætt og meira púður lagt í hreinsun gólfteppa.

„Til að bregðast við ábendingum um aukinn hávaða, einkum frá loftræstikerfum í opnum vinnurýmum, var ákveðið að starfsmenn sem þess óskuðu gætu fengið hljóðdempandi heyrnartól til notkunar



**Starfsmenn bankans kvarta ekki lengur yfir hávaða.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þetta fyrirkomulag hefur almennt mælst vel fyrir, sérstaklega í opnum rýmum bankans.**
>
> Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans



á starfsstöðvum sem meðal annars er hægt að tengja við síma,“ segir í svari Stefáns Jóhanns Stefánssonar, ritstjóra Seðlabankans.

Hjá Seðlabankanum starfa rúmlega 180 manns og hefur ríflega helmingur þeirra, rétt um hundrað manns sem flestir starfa í opnum rýmum, fengið slík heyrnartól frá bankanum, af gerðinni Bose.

„Þetta fyrirkomulag hefur almennt mælst vel fyrir, sérstaklega í opnum rýmum bankans,“ segir Stefán. „Seðlabankinn mun áfram leitast við að sjá til þess að vinnuumhverfi starfsmanna sé í samræmi við þær kröfur og viðmið sem eiga við á vinnustöðvum hér á landi.“

joli@frettabladid.is




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Eigandi Prime Tours kaupir flotann á nýrri kennitölu

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. hefur lagt blessun sína yfir framsal skiptastjóra Prime Tours á rammasamningi um akstursþjónustu fatlaðra til félagsins Far-vel ehf. Eigandi Far-vel og stofnandi er Hjörleifur Harðarson, eigandi Prime Tours, en félagið er í dag skráð á eiginkonu hans. Ekki sé þó litið á þetta sem kennitöluflakk.

„Við getum sagt að kraftaverkið gerðist, þótt það hafi verið í annarri mynd en við ætluðum okkur,“ segir Hjörleifur í samtali við Fréttablaðið og vísar til fyrri ummæla í blaðinu um Prime Tours. Félagið var einn af undirverktökum Strætó bs. og sinnti meðal annars ferðaþjónustu fatlaðra en var úrskurðað gjaldþrota í október og yfir það skipaður skiptastjóri.

Í gær tilkynnti Strætó að stjórn félagsins hefði samþykkt beiðni skiptastjóra um framsal á rammasamningi akstursþjónustunnar til Far-vel ehf., sem gert hafði tilboð í vagnaflota búsins og boðið starfsfólki áframhaldandi starf. Stjórn Strætó lítur svo á að Far-vel fullnægi öllum hæfisskilyrðum rammasamningsins og því var erindi skiptastjóra samþykkt. Hvergi kom þó fram að sömu eigendur væru að Far-vel og Prime Tours. En hvernig er þetta ekki kennitöluflakk?

„Það er einmitt það sem ég var að berjast við samvisku mína út af. Þá fékk ég skilgreiningu frá skiptastjóra og fleiri lögfróðum um hvað kennitöluflakk væri,“ segir Hjörleifur. Hann hafi verið fullvissaður um að hér væri ekki um kennitöluflakk að ræða, af ýmsum ástæðum.

„Mér var allavega sagt að ég gæti verið með góða samvisku yfir því að þetta væri ekki kennitöluflakk.“

Hjörleifur kveðst koma með tvo nýja aðila inn í þetta með þeim, fjármagnið sé tryggt sem og þjónustan sem sé fyrir öllu.

„Við greiðum matsverð sem sett var á flotann og skiptastjórinn fann út verð sem við kaupum á. Það fara tugir milljóna inn í þrotabúið úr vasa okkar sem að þessu stöndum.“

Hvorki náðist í framkvæmdastjóra né lögfræðing Strætó bs. í gær. **– smj**



**Prime Tours og Far-vel eru í eigu sama aðila.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ráðherrar verði rafbílavæddir

**RÍKISSTJÓRN** Ríkisstjórnin ákvað í gær að skipt verði yfir í rafbíla næst þegar ráðist verður í endurnýjun ráðherrabíla. Fyrir um ári lauk endurnýjun á öllum ellefu bílum flotans sem hófst í október 2014. Heildarkaupverð bifreiðanna nam rúmlega 117 milljónum. Margir nýju bílanna ganga bæði fyrir rafmagni og eldsneyti, þar af eru fjórir Volvo XC90 tengiltvinnlúxusjeppar.

Í september var ný loftslagsáætlun stjórnarinnar kynnt þar sem ein aðgerðanna er að banna nýskráningu bensín- og dísilbíla eftir 2030. **– smj**

## Ánægðari með verðlag en áður

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamannapúlsinn, sem byggist á ánægju með heimsókn, hvort það sem keypt er sé peninganna virði, uppfyllingu væntinga, líkum á meðmælum og gestrisni, mælist í hæstu hæðum, eða 84,3 stig af 100 í september. Hefur hann ekki verið hærri síðan á sama tíma 2016. Ferðamannapúlsinn er á vegum Isavia, Ferðamálastofu og Gallup.

Pólskir ferðamenn eru ánægðastir með komuna. Á eftir fylgdu Spánverjar, Þjóðverjar, Bandaríkjamenn og Kanadamenn. Ferðamenn mældust ánægðari með verðlag en í ágúst. **– þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Reykjavík rekin með afgangi en skuldasöfnunin gagnrýnd

**Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár var rædd í borgarstjórn í gær. Borgarstjóri segir áætlunina bera vott um árangursríka fjármálastjórn. Oddviti Sjálfstæðisflokksins gagnrýnir hins vegar aukna skuldasöfnun og vill að borgin lækki útsvarsprósentuna. Hann segir vaxtakostnað aukast svo um munar.**

**REYKJAVÍK** „Það má segja að meginatriðin í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun séu árangursrík fjármálastjórn. Rekstur Reykjavíkurborgar gengur vel. Við sjáum sterka fjárhagsstöðu borgarsjóðs og samstæðunnar,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri þegar hann mælti fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun borgarinnar í gær.

Dagur sagði að í þeirri forgangsröðun meirihlutans sem birtist í fjárhagsáætlun væri sótt fram á fjölmörgum sviðum.

„Fjármagn er tryggt til að stíga stór skref í að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og nýrra NPA-samninga. Grænar fjárfestingar á grundvelli aðalskipulags eru fjölmargar.“ Þar nefndi Dagur sérstaklega Borgarlínu en í fimm ára áætluninni er gert ráð fyrir að fimm milljörðum verði varið til hennar.

Dagur benti á að þótt staðan væri góð bæri greiningaraðilum saman um að óvissa væri í efnahagsmálum. „Kjarasamningar eru fram undan og það er gríðarlega mikilvægt að vel takist til í samningum á almennum vinnumarkaði og í kjölfarið hjá ríki og sveitarfélögum.“

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi í umræðunum að skuldir samstæðu borgarinnar hækki verulega miðað við fimm ára áætlunina. Hann vakti athygli á því að nú sé gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan verði 16 milljörðum lakari en í áætlun síðasta árs.

Sjálfstæðismenn lögðu til að útsvar og fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði yrðu lækkuð og að tekjuviðmið afsláttar af fasteignagjöldum verði hækkað. „Við viljum lækka útsvarið meira en teljum að þetta sé gott skref sem þýddi að Reykjavík væri ekki lengur áfram áberandi hæst á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Eyþór.

Gerði tillagan ráð fyrir að útsvarið myndi lækka úr 14,52 prósentum í 14,385 prósent. „Þetta kostar 700 milljónir sem skilar sér þá til launþega. Það eru kjaraviðræður í gangi og þetta er skattur sem leggst á allt launafólk og hlutfallslega mest á þá lægra launuðu. Það borga allir útsvar og það er áhugavert að skoða samanburð á því hvað ríkið er að taka og hvað borgin er að taka af launaskattinum. Meirihlutinn fer til Reykjavíkur og minnihlutinn til ríkisins.“

Þá gagnrýndi Eyþór að vaxtakostnaður aukist um 8 milljarða í fimm ára áætluninni. Fyrir það fé væri hægt að byggja sex leikskóla í hæsta gæðaflokki þar sem pláss væri fyrir 1.400 börn.

Seinni umræða um fjárhagsáætlanirnar fer fram 4. desember.

**sighvatur@frettabladid.is**



**Gert er ráð fyrir hluta Borgarlínu í fjárhagsætluninni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það eru kjaraviðræður í gangi og þetta er skattur sem leggst á allt launafólk og hlutfallslega mest á þá lægra launuðu.**
>
> Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn

### Stiklað á stóru úr fjárhagsáætlun

- Áætlunin gerir ráð fyrir því að borgarsjóður verði rekinn með 3,6 milljarða afgangi á næsta ári.
- Eru rekstrartekjur áætlaðar 127,7 milljarðar en langstærstur hluti þeirra eru skatttekjur eða 100,8 milljarðar.
- Rekstrargjöldin verða 118,7 milljarðar þar sem 69 milljarðar eru vegna launa og launatengdra gjalda.
- Afskriftir og fjármagnsgjöld nema um 5,4 milljörðum
- Sé horft á samstæðu borgarinnar er gert ráð fyrir 12,8 milljarða afgangi.




JEEP CHEROKEE LONGITUDE LUXURY
JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
AÐEINS TVEIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁR, LEÐURSÆTI, RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MJÓBAKSSTUÐNINGI, BAKKMYNDAVÉL, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI.
ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE






## SMAKKAÐU Á JÓLUNUM

| JÓLAOSTAR OG -GÓÐGÆTI | JÓLAKONFEKT | HÁTÍÐARÍS | JÓLADRYKKIR | HEITRISTAÐAR KANIL-MÖNDLUR AÐ DÖNSKUM SIÐ |
|---|---|---|---|---|
| MJÓLKURSAMSALAN | NÓI SÍRÍUS | emmessís | ÖLGERÐIN | MÖNDLUBÁSINN |

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20 – S: 558 1100
**www.husgagnahollin.is**

**JÓLAKVÖLD VERÐUR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI Á AKUREYRI FÖSTUDAGINN 9. NÓVEMBER KL. $19^{00}$–$22^{00}$**

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# Formaður Flugfreyjufélagsins segir óvissuna versta fyrir félagsmenn

**VINNUMARKAÐUR** Berglind Hafsteinsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, segir þó nokkrar fyrirspurnir hafa borist félaginu vegna kaupa Icelandair á flugfélaginu WOW air sem tilkynnt var á mánudagsmorgun.

„Það er eiginlega hægt að segja að það er óvissan sem er verst fyrir félagsmenn okkar. Þeir vita ekkert hvað tekur við og það veit svo sem enginn hvað bíður okkar og hvað verður,“ segir Berglind. „Við munum bara standa við bakið á okkar félagsmönnum og verðum til taks og munum boða til félagsfundar eftir þörfum. Frekari upplýsingar höfum við ekki í augnablikinu.“

Í dag eru félagsmenn FFÍ rúmlega 700. Þeir starfa hjá Icelandair, Air Iceland Connect og WOW air. Ljóst er að nú eru allir félagsmenn FFÍ starfandi undir sama félaginu sem er Icelandair Group.

„Það hafa þó nokkrir félagsmenn okkar haft samband og eru að velta fyrir sér stöðunni,“ bætir Berglind við. „Rétt er þó að taka fram að þó Icelandair taki yfir WOW air þá þarf það ekkert að vera að flugfreyjurnar fari á annan kjarasamning. Nú fyrir er Icelandair Group með tvö fyrirtæki, annars vegar Icelandair og hins vegar Air Iceland Connect og þar eru tveir mismunandi kjarasamningar. Þetta verða því samkvæmt okkar skilningi enn þrír kjarasamningar og félagsmenn ættu að geta gengið að því sem vísu.“

Margir starfsmenn WOW air hafa talað vel um fyrirtækið á samfélagsmiðlum í gær. Berglind segir það til marks um hvað félagsmenn séu stoltir af að vinna hjá fyrirtækinu. „Það sýnir bara að fyrir þennan hóp er fyrirtækið þeim mjög kært og sýnir góðan anda innan þess.“ – **sa**

> **Við munum bara standa við bakið á okkar félagsmönnum og verðum til taks.**
>
> Berglind Hafsteinsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands



## Vill styrkja stöðu brotaþola

**ALÞINGI** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mælti á Alþingi í gær fyrir frumvarpi sínu um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Með henni að frumvarpinu standa átta þingmenn úr sjö flokkum.

Í orðsendingu til fjölmiðla í gær sagði Áslaug Arna að málsmeðferð vegna nálgunarbanns væri einfölduð með frumvarpinu. Réttarstaða brotaþola styrkt og að ekki yrði skylda að bera öll mál undir dómstóla.

„Markmiðið er að taka mið af reynslu og bæta meðferðina er varðar beitingu nálgunarbanns þannig að hún verði ekki eins þung í vöfum – einkum þegar þannig háttar til að sakborningur er samþykkur ákvörðun lögreglustjóra um beitingu þess,“ skrifar Áslaug Arna og bætir við:

„Breytingarnar ýta undir það að nálgunarbann er nær því að vera tryggingarráðstöfun en þvingunarráðstöfun.“

– **þea**



## Sakaður um aftökur gyðinga

**ÞÝSKALAND** Réttarhöld yfir fyrrverandi starfsmanni Stutthof-útrýmingarbúða nasista hófust í Þýskalandi í gær. Sakborningurinn er 94 ára en réttarhöld fara fram fyrir unglingadómstól þar sem hann var ekki orðinn 21 árs þegar hann á að hafa framið brot sín.

Maðurinn er sakaður um að hafa komið að aftökum hundruða gyðinga sem nasistar vistuðu í búðunum auk 77 sovéskra stríðsfanga.

Hinn sakaði er heilsuveill og í hjólastól. Ólíklegt er að hann verði dæmdur til fangelsisvistar. – **jóe**

# Tugir þúsunda í fjöldagröfum

**Rannsakendur Sameinuðu þjóðanna hafa fundið 202 fjöldagrafir fórnarlamba ISIS í Sýrlandi. Tólf þúsund fórnarlömb gætu verið í gröfunum. Að minnsta kosti 30.000 almennir borgarar myrtir á milli 2014 og 2017.**

**ÍRAK** Rannsakendur skrifstofu mannréttindastjóra Sameinuðu þjóðanna og sendinefnd mannréttindaráðs SÞ í Írak hafa fundið 202 fjöldagrafir fórnarlamba hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS) í Írak. Frá þessu var greint í skýrslu sem skrifstofa mannréttindastjóra birti í gær.

ISIS sölsaði undir sig stóra hluta Íraks frá árinu 2014 til 2017 og innlimuðu í svokallað kalífadæmi. Í þessum hernaðaraðgerðum voru, að sögn rannsakenda, að minnsta kosti 30.000 almennir borgarar myrtir í Írak og 55.150 særðust. Tekið er fram í skýrslunni að þessar tölur endurspegli algjöran lágmarksfjölda.

Flestar fjöldagrafanna 202 sem fundist hafa eru í Nínívehéraði, eða 95 talsins. Þá hafa 37 fundist í Kirkuk, 36 í Salah al-Din og 24 í Anbar. Samkvæmt útreikningum rannsakenda eru alls á milli 6.000 og 12.000 fórnarlömb ISIS grafin í fjöldagröfunum, þar af á milli 4.000 og 10.500 í Níníve. Flestar þeirra fundust í kringum borgina Mósúl og í Sinjar, en þar tilheyra flestir íbúar þjóðflokki Jasída. Þá hefur yfirvöldum tekist að grafa alls 1.258 fórnarlömb upp úr 28 fjöldagröfum.

Að því er rannsakendur segja í skýrslunni eru fórnarlömbin talin hafa verið myrt vegna þess að þau pössuðu ekki inn í hugmyndafræði hryðjuverkasamtakanna. Þannig er talið að fyrrverandi embættismenn eða háttsettir ríkisstarfsmenn, læknar, lögfræðingar, blaðamenn, trúarleiðtogar og stjórnmálakonur hafi verið myrt svo fátt eitt sé nefnt.

Fjölmörg þessara fórnarlamba voru dregin fyrir nokkurs konar dómstóla ISIS þar sem dauðarefsingardómar féllu. Var fólk því tekið af lífi á almannafæri. Til dæmis skotið, afhöfðað, brennt, kastað af þaki bygginga eða keyrt yfir það á jarðýtum.

Illindi ISIS beindust einna helst gegn fyrrnefndum Jasídum og kemur fram í skýrslunni að skæruliðarnir hafi framið fjöldamorð, fjöldanauðganir og mannrán á Jasídum, pyntað þá og neytt til þess að taka upp trúarsiði hryðjuverkasamtakanna. Enn er talið að rúmlega 3.000 Jasídar séu í haldi ISIS

Vegna þessa ástands skora bæði sendinefndin og mannréttindastjóri á Alþjóðasamfélagið að styðja vinnu Íraksstjórnar við að grafa upp og bera kennsl á fórnarlömbin sem og á Íraksstjórn að vernda fjöldagrafirnar og nálgast rannsóknir á þeim út frá fórnarlömbunum.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Við uppgröft fjöldagrafar í Sinjar í Írak árið 2015. Hún er ein fjölmargra sem finna má í landinu.** NORDICPHOTOS/AFP

### Erfitt verkefni

Samkvæmt skýrslunni ber ríkisstjórn Íraks skylda, samkvæmt alþjóðalögum og samningum, til að rannsaka grafirnar og glæpina sem og að sækja til saka þá sem ábyrgir eru fyrir þessum voðaverkum. Aukinheldur verður ríkisstjórnin að bera kennsl á hina látnu, að upplýsa almenning um rannsóknina og að bæta aðstandendum og særðum tjónið sem þau hafa orðið fyrir.

Stærsta hindrunin sem ríkisstjórnin stendur nú frammi fyrir, að mati rannsakenda, er að tryggja öryggi í grennd við fjöldagrafirnar.

Enda eru hryðjuverkasamtökin enn virk í Anbar, Níníve, Salah al-Din og víðar og gætu gert árásir á rannsakendur eða hindrað aðgang þeirra að gröfunum á annan hátt.

Þá halda rannsakendur því fram að mikilvægar upplýsingar gætu komið í ljós við rannsóknir á fjöldagröfunum. Ekki einvörðungu um fórnarlömbin sjálf heldur um það hvernig ISIS beiti fórnarlömb sín ofbeldi og hvort voðaverkin sem leiddu til þessara fjöldagrafa flokkist sem stríðsglæpir, glæpir gegn mannkyninu eða þjóðarmorð.



# Meira gaman





**Ariel í sæhestavagni**

8.999 kr/pk

**Disney Prinsessu kastali Pack n´ go**

10.999 kr/pk




**Play-Doh rakarastofa**

3.799 kr/pk




**Play-Doh eldhús**

4.899 kr/pk




**Play-Doh 10 litir í pakka**

999 kr/pk




**Avengers Infinity war**

4.299 kr/stk




**Nitro Flashfury Chaos**

6.999 kr/pk




**Nerf Modulus Mediator**

4.299 kr/pk



*Einfalt* að skila og skipta

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*



Keppt er í köldu borði og heitum réttum í Lúxemborg.

# Korter í keppni

Íslenska kokkalandsliðið æfði saman í síðasta skipti áður en það heldur út til Lúxemborgar til að keppa á heimsmeistaramóti 23. til 28. nóvember. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á æfinguna og sá landsliðið leika listir sínar, að sjálfsögðu með íslenskt hráefni.









Íslenskur þorskur, lamb og skyr verða til að mynda á boðstólum.



# Neytendavá



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Ekki er langt síðan Skúli Mogensen, eigandi og forstjóri WOW air, kynnti áform um skuldabréfaútboð félagsins til þess að fjármagna áframhaldandi rekstur þess, en útboðinu lauk um miðjan september. Það dugði skammt. Greint var frá því á mánudag að stjórn Icelandair hefði gert samning um kaup á öllu hlutafé í félaginu.

Um mánaðamótin varð stjórnendum ljóst að rekstur WOW air í núverandi mynd gæti ekki gengið. Það eru vitaskuld slæmar fréttir, ekki síst fyrir neytendur í landinu. Kaup Icelandair bar brátt að, en samkvæmt heimildum þessa blaðs hófust viðræður Skúla við forsvarsmenn Icelandair síðdegis á föstudag og kláruðust strax á mánudegi. Íslensku flugfélögin tvö, líkt og önnur í Evrópu, glíma við miklar áskoranir, svo sem hátt eldsneytisverð og lág meðalfargjöld og víðar en hér á landi er búist við samþjöppun á flugmarkaði.

Ljósi punkturinn er sá að ef fyrirhuguð kaup ganga eftir hefur þrátt fyrir allt tekist að eyða öðrum tveggja stærstu óvissuþátta í íslensku efnahagslífi, sem er framtíð WOW air. Samkvæmt sviðsmyndagreiningu stjórnvalda getur gjaldþrot flugfélagsins þýtt að landsframleiðsla dragist saman um tvö til þrjú prósent og gengi krónunnar veikist um 13 prósent á næsta ári. Sumir sérfræðingar sem stjórnvöld kölluðu til töldu greininguna meira að segja gefa tilefni til of mikillar bjartsýni. Fall WOW hefði mikil keðjuverkandi áhrif. Því hlýtur það að teljast fagnaðarefni ef rekstri WOW hefur verið komið í örugga höfn.

En það er fullsnemmt að hrósa varnarsigri. Til þess að kaupin gangi eftir þarf félag Skúla að undirgangast áreiðanleikakönnun, líkt og venjan er við viðskipti af þessu tagi, þar sem ítarleg rannsókn á eigna- og rekstrarstöðu félagsins fer fram. Vonandi kemur Skúli standandi út úr því. Þá eiga samkeppnisyfirvöld eftir að leggja blessun sína yfir kaupin, en sérfræðingar segja samrunann með þeim flóknari sem farið hafa fram hér á landi. Til þess hafa yfirvöld samkeppnismála rúma fjóra mánuði, en ekki er útséð með að WOW geti lifað af í svo marga mánuði eitt og sér. Það hlýtur að verða ráðist hratt og örugglega í verkið.

Neikvæðu áhrifin af samruna félaganna tveggja fyrir landsmenn eru töluverð – aðallega dýrari flugmiði. WOW hefur eftir allt saman verið helsti keppinautur Icelandair og kærkomin viðbót í flóruna fyrir íslenska neytendur. Með sameiningunni, ef af henni verður, mun sennilega létta á þrýstingi um ódýrt miðaverð. Íslenskir neytendur verða að stóla á að erlend samkeppni gæti haldið nýju, sameinuðu félagi á tánum í þeim efnum.

Ef allt annað gengur eftir, verður seinagangur kerfisins vonandi ekki sameiningunni ljár í þúfu. Það er heldur ekki sviðsmynd sem kemur íslenskum neytendum til góða.

**Neikvæðu áhrifin af sameiningu félaganna tveggja fyrir landsmenn eru töluverð – aðallega dýrari flugmiði.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Kjöldráttarmenning Pírata**
**Sjálfsagt geta engir nema fólk í innsta hring fengið botn í „Píratadramað mikla“ eins og Halldór Auðar Svansson, fyrrverandi oddviti flokksins í borginni, kallar væringarnar. Hann komist að því að innanflokksmeinin megi rekja til þess að „vægðarlaus gagnrýni er dyggð“ hjá Pírötum. Tortryggni og hörku í samskiptum er hampað þannig að klíkur myndast og margir upplifa sig sem þolendur. Hann segir að með því að kyngja stolti megi leysa vandann, jafnvel í kyrrþey. Sjálfur ætli hann þó að draga sig í hlé en heitir stuðningi af hliðarlínunni.**

**Hrútur setur undir sig hornin**
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson stendur ekki óvaldaður í skotlínu Silju Daggar Gunnarsdóttir sem hefur sakað hann um einræðistilburði. Sá þekkti flokka- og félagaskelfir, klofningsmaðurinn Guðbjörn Jónsson, er einn þeirra sem komu Sigmundi til varnar á Facebook og sagði skrif Silju hljóma eins og „hatursskrif frá afbrýðissamri eða forsmáðri konu“. Guðbjörn virðist telja lýsingar Silju eiga betur við núverandi formann Framsóknar sem hafi beitt vopnum sem Guðbjörn myndi aldrei vilja nota. Hann efast því um „dómgreind hennar til góðra verka“ en býðst til þess að setjast niður með henni og fræða hana um „raunverulega hugleysingja í pólitík“.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Borgin tekur meira en ríkið



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Það kemur sennilega flestum ef ekki öllum á óvart að Reykjavíkurborg tekur mun fleiri krónur af launum borgarbúa en ríkið. Þannig er hlutfall borgarinnar í skatttekjum borgarbúa 56% á meðan hlutfall ríkisins er 44% samkvæmt útreikningum fjármálaráðuneytisins.

Tökum dæmi um faglærðan leikskólakennara en hann fær samkvæmt kjarasamningi 469 þúsund krónur í mánaðarlaun. Skattur af þessum launum er í kringum 109 þúsund krónur sem skiptast þannig að 45 þúsund krónur renna inn í ríkissjóð á meðan borgin fær 64 þúsund. Þ.e.a.s. 41% fer til ríkissjóðs á meðan 59% fara inn í borgarsjóð.

Reykjavíkurborg getur ekki skorast undan þeirri ábyrgð að taka þátt í að bæta kjör borgarbúa enda eru fjárhæðirnar sem borgin fær talsvert stærri en þær sem ríkið fær. Það þýðir ekki alltaf fyrir borgarfulltrúa meirihlutans að benda á ríkið og kvarta yfir að fjármagn sé ekki nægjanlegt til þess að halda almennilega á mikilvægum málaflokkum.

Útsvarslækkun ætti að vera framlag Reykjavíkurborgar í komandi kjaraviðræðum enda á launafólk mikið undir því að skattar lækki nú í stað þess að höfrungahlaupið fari af stað með verðbólgu. Við leggjum líka til að afslættir til aldraðra og öryrkja verði auknir en tekjutenging afsláttanna er tekjuskerðing fyrir bæði aldraða og öryrkja.

Borgin á að leggja áherslu á að bæta kaupmátt Reykvíkinga með ábyrgum hætti og hætta að taka meira en nágrannasveitarfélögin af launum borgarbúa.

Álögur eru í hæstu hæðum. Fasteignaskattar hækka mikið á milli ára, bæði af atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Ef borgarstjórn breytir ekki frá þeim forsendum sem hér er lagt upp með fer hækkunin lóðbeint út í leiguverð með tilheyrandi neikvæðum áhrifum, bæði af atvinnu- og íbúðarhúsnæði.

Útsvar er hæst á höfuðborgarsvæðinu af öllum sveitarfélögum á svæðinu. Launaskattur er hvergi hærri en í Reykjavík. Útsvarið var hækkað af Samfylkingunni og núverandi borgarstjóra í topp. Önnur sveitarfélög í kringum okkur taka talsvert færri krónur af launafólki. Snúum af þessari braut.

**Önnur sveitarfélög í kringum okkur taka talsvert færri krónur af launafólki. Snúum af þessari braut.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Trójuhesturinn Hafró og skipulagssvik í Hafnarfirði



Guðmundur Ingi Markússon
verkefnisstjóri

Á hrekkjavöku þann 31. október sl. sveik meirihluti bæjarstjórnar íbúalýðræði í Hafnarfirði. Grikkurinn fólst í því að fella úr gildi skipulagslýsingu Flensborgarhafnar frá 2016 – útkomu tveggja ára samráðsverkefnis með verkefnisstjórn, íbúafundum, vinnustofum, menningargöngu, bloggsíðu, o.fl.

Gjörningurinn á sér stað á sama tíma og íbúar mótmæla fyrirhuguðum á framkvæmdum á Flensborgarhöfn, þar sem byggja á stórhýsi sem að hluta munu hýsa Hafrannsóknastofnun. Í andmælum sínum hafa íbúar einmitt bent á niðurstöður skipulagslýsingarinnar máli sínu til stuðnings:

- Lágreistar byggingar sem falla vel að aðliggjandi byggð
- Byggingamagn á svæðinu verði aukið í góðri sátt við aðliggjandi byggð
- Hæð nýrrar byggðar verði einnig í góðri sátt við nærliggjandi byggð

Ljóst er að 22 metra há og um 185 metra löng blokkarlengja gengur þvert á þessar niðurstöður.

### Hvers vegna er skipulagslýsingin afnumin?

Ekki vantaði fögur fyrirheit þegar samráðsverkefnið fór af stað. Bæjarfulltrúinn Ólafur Ingi Tómasson (D), sá hinn sami og nú fellir skipulagslýsinguna úr gildi, sagði á Facebook í janúar 2015: „Nú er verkefnið komið af stað og vona ég að sátt náist um framtíðarskipulag svæðisins sem er að mínu mati verðmætasta svæði okkar Hafnfirðinga, ekki hvað varðar virði krónu og aura heldur lífsgæði ...“

Nú er sáttin fyrir bí og niðurstaða samráðsverkefnisins (skipulagslýsingin) farin út um gluggann. Ástæðan er sögð vera sú, að í janúar sl. hafi verið samþykkt keppnislýsing fyrir arkitekta um framtíð svæðisins sem stangist á við skipulagslýsinguna. Þegar vel er að gáð sést, að efnislega liggur munurinn í því, að í keppnislýsingunni er ekki talað um „lágreistar byggingar“ heldu aðeins um „hæð og umfang“.

Með því að henda skipulagslýsingunni hverfur þetta óþægilega atriði (lágreistar byggingar), og ætlunin er því að slá vopn úr höndum þeirra bæjarbúa sem hafa andmælt áformunum nú í haust.

### Hagsmunir hverra?

Í grein í Fréttablaðinu þann 1.11. sl. segir Ólafur Ingi að: „Allir sem koma að gerð skipulagsmála vilja ná sem bestri sátt hverju sinni en það eru alltaf einhverjir sem telja vegið að eigin hagsmunum. Svæðisskipulagið horfir til hagsmuna heildarinnar.“ Það má réttlæta allar stórframkvæmdir með því að segja að hagsmunir heildarinnar trompi hag nærsamfélagsins – þetta er því ekkert annað en málsvörn verktakaræðisins. Staðreyndin er sú, að 22 metra háu stórhýsin á Flensborgarhöfn snúast um hag hinna örfáu – fjársterkra aðila með víðtæk tengsl sem kjörnir fulltrúar eru handgengnir. Þegar hagsmunir þeirra stangast á við niðurstöðu íbúasamráðs er því hent út. Þessum aðilum nægir ekki óuppsegjanlegur leigusamningur við ríkið til 25 ára upp á 3,6 milljarða fyrir Hafrannsóknastofnun – þeir vilja byggja langt umfram þarfir stofnunarinnar.

Hafnfirðingar gleðjast yfir komu Hafró til bæjarins. Hins vegar er það dapurlegt að stofnunin sé notuð sem trójuhestur fyrir háhýsi og útblásið byggingarmagn sem hæglega mun hafa fordæmisgildi um framtíð svæðisins.

Kynnið ykkur málið á: www.sudurbakki.is.

# Hver er réttur fósturs/barns?



Ebba Margrét Magnúsdóttir
fæðingarlæknir

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um þungunarrof eða breytingar á lögum um fóstureyðingar nr. 25/1975. Þessi lög hafa verið notuð með góðum árangri síðastliðin 40 ár. En umræðan er eldfim og vitað var að skoðanir fólks væru skiptar þegar kæmi að því að breyta þessum lögum. Vissulega hafa komið upp á síðustu árum nýjar greiningaraðferðir til að meta líkur á fósturgöllum og sónarskoðunum hefur fleygt fram.

Í dag er öllum konum boðin hnakkaþykktarmæling og samþætt líkindamat á 11.-13. viku til að meta líkur á frávikum frá því sem er talið eðlilegt, m.a. þrístæða á litningi nr. 21 eða Downs heilkenni. Langflestar verðandi mæður þiggja þessa skimun og ef auknar líkur eru til staðar er boðið upp á fylgjusýnatöku til að fá frekari greiningu. Ef staðfestur er fósturgalli eða breytileiki er fólki boðið upp á að enda meðgönguna. Við 20 vikur má svo greina fleiri galla eins og klofinn hrygg og þá stendur einnig til boða að fá að vita kyn barnsins.

Hingað til hefur það verið í höndum nefndar að samþykkja þungunarrof þegar svona langt er liðið á meðgönguna og galli greinist. Það er ekki auðvelt fyrir foreldra að ákveða að enda meðgönguna vegna fósturgalla eða frávika og getur það valdið fólki verulegu hugarangri og vanlíðan síðar á lífsleiðinni. Það er því mikilvægt að vita að ráðgjöf og greining þessara frávika er í góðum höndum starfsfólks á fósturgreiningadeild LSH.

Flestar fóstureyðingar skv. talnabrunni Landlæknis eru gerðar fyrir 12. viku. Árið 2017 voru framkvæmdar 1.044 fóstureyðingar á Íslandi. Nefndin samþykkti allar beiðnir þar sem meðgangan var komin lengra. Sorglegt er þó að sjá að töluverður hópur fer endurtekið í fóstureyðingu. Einnig er það umhugsunarvert að allt of margar konur nota ekki getnaðarvarnir við hæfi og nýta sér ekki neyðargetnaðarvörn sem nú má nálgast í lausasölu í næsta apóteki. Þarna mætti bæta um betur með því að gera getnaðarvarnir ókeypis fyrir yngsta aldurshópana og dreifa smokkum til ungs fólks. Í umræðum á vinnustað mínum um frumvarpið komu fram mörg sjónarmið, einn starfsfélagi orðaði það svo að það væri réttur hverrar konu árið 2018 að ákveða hversu mörg börn hún eignast, með hverjum og hvenær. Þá spyr ég á móti hver er réttur fósturs/barns sem er gengið rúman helming meðgöngunnar til lífs? Ef það á að verða geðþóttaákvörðun konunnar t.d. eftir sónar við 20. viku þar sem hægt er að vita kyn barnsins, að ljúka skuli meðgöngunni, erum við komin út á hálan ís. Marga sjúkdóma getum við ekki greint í móðurkviði í dag en það mun ekki líða langt þangað til það verður hægt. Samfélag okkar byggir á fjölbreytileika karla og kvenna. Fatlaðir eiga líka rétt á að lifa og fá umönnun við hæfi. Við Íslendingar þurfum ekki að hafa frjálslyndustu löggjöfina um fóstureyðingar.

Nú er það svo að á fyrstu 12 vikum meðgöngunnar eru öll líffærakerfi fóstursins að myndast. Eftir 12. viku er fóstrið einungis að stækka og dafna. Við sem störfum við fæðingarhjálp gerum allt til að bjarga lífi eftir 23. viku því þá er barnið orðið lífvænlegt. Ef fyrirburafæðing er yfirvofandi er allt gert til að stoppa hana og móðurinni gefnar sterasprautur til að auka lungnaþroska barnsins ef það skyldi nú fæðast fyrir tímann. Hér er því í raun spurning um örfáa daga milli þess að reyna að bjarga lífi og þess að deyða það.

Nú er það þingmanna Alþingis að fjalla um frumvarp sem leyfir konum að taka þá ákvörðun að enda meðgönguna upp að viku 23. Hver er réttur fósturs/barns til lífs ?

Ég spyr.

# Meira um rétt og kjör aldraðra



Óli Stefáns Runólfsson
meistari í rennismíði og eftirlaunaþegi

**Það ætti ekki að skattleggja tekjur sem ná ekki upphæð til lífsviðurværis.**

Öldruðum sem fá laun frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun ríkisins er gert að greiða tekjuskatt þó samanlögð laun þeirra nái ekki upphæð sem talið er að þurfi til eðlilegs lífsviðurværis. Þá er þeim einnig meinað að rétta hlut sinn með vinnu, sem hefðu til þess getu, því þá skerðast greiðslur frá Tryggingastofnun. Það ætti ekki að skattleggja tekjur sem ná ekki upphæð til lífsviðurværis. Aldraðir með há eftirlaun gætu unnið án skerðingar. Það á ekki að refsa þeim sem fá greitt frá Tryggingastofnun fyrir að hafa ekki komist á „jötuna“ og fengið há eftirlaun í ellinni. Í stað þess eru þeir hnepptir í fátækt og „nútímaþrælatök“.

Inga Sæland skrifaði pistil nýlega, þar sem fram kom að Flokkur fólksins hefði lagt fram frumvarp á Alþingi til afnáms skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna, en frumvarpið ekki fengið afgreiðslu úr nefnd þingsins. Frumvarpinu fylgdi skýrsla Hauks Arnþórssonar stjórnsýslufræðings þar sem fram kom að ríkissjóður mundi hagnast á að afnema frítekjumarkið. Hvers vegna skyldu stjórnvöld vilja viðhalda þessu óréttlæti? Ráða þar sérhagsmunir, græðgi og „mannvonska“? Getur verið að mikil auðsöfnun umfram þarfir sé fíkn, sem þarf að meðhöndla sem sjúkdóm?

Breyti ráðamenn þjóðarinnar ekki afstöðu sinni og rétti hlut aldraðra í launum, og þeirra sem njóta ekki eftirlauna en fá laun frá Tryggingastofnun ríkisins, þarf að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort brotið er á rétti þeirra, og þá einnig gagnvart greinum í stjórnarskránni um jafnrétti.

Škodaðu verðið
Besta Škodaverðið
ŠKODA
Gríptu tækifærið og fáðu þér nýjan ŠKODA á besta verðinu strax í dag. Hlökkum til að sjá þig!
5 ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU FIMM
Škoda Octavia Limo Ambition / 1.6 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
Besta Škodaverðið 3.850.000 kr.
Listaverð: 4.190.000 kr.
Afsláttur
340.000 kr.

Škoda Superb Combi Ambition / 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
Besta Škodaverðið 4.890.000 kr.
Listaverð: 5.410.000 kr.
Afsláttur
520.000 kr.

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
85 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Opið í dag 10-22




**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



CHRISTMAS jólakúlur. 12 stk. í pk. Ýmsir litir.
3,5 cm/5,5 cm/7,5 cm. 1.495 kr. **Nú 1.046 kr.**

**10 ÁRA ÁBYRGÐ**



EDELMAN Frostdale jólatré. Til í fleiri stærðum.
H185 cm. 39.995 kr. **Nú 27.996 kr.**
H 185 cm með LED ljósum. 59.995 kr. **Nú 41.996 kr.**




CHRISTMAS jólakúla, ýmsir litir. Ø8cm.
695 kr./stk. **Nú 486 kr.**




CLARA könglar. LED ljós. Ø8 x 10 cm.
Gengur fyrir rafhlöðum. 2.995 kr. **Nú 2.096 kr.**




WAVE jólakúla.
Gengur fyrir rafhlöðum.
Ø13 cm. **5.995 kr.**
Ø8 cm. **3.995 kr.**



CHRISTMAS stjarna úr járni.
Ø24 cm. 895 kr. **Nú 626 kr.** Ø35 cm. 995 kr. **Nú 696 kr.**
Ø45 cm. 1.195 kr. **Nú 836 kr.**

# DAGSKRÁ

## KL. 15-18:30

Bylgjan gefur gjafabréf

## EFTIR KL.18:30

Ristaðar möndlur
í boði ILVA

Vínkynning -
Casillero del Dialbo

Friðrik Dór og Jón Jónsson
taka lagið



CANDLE rustik kerti. 7x17 cm. 1.495 kr. **Nú 1.121 kr.**
7x13,5 cm. 995 kr. **Nú 746 kr.**




BOLETTE sería. Gull og silfurlituð.
**4.995 kr.**



KALLA kertastjaki. Snjókorn. Ø11,3 cm.
995 kr. **Nú 696 kr.**



JANET hvítt jólatré úr keramik með LED ljósi
H8,6 cm. 1.995 kr. **Nú 1.396 kr.** H11 cm. 2.495 kr.
**Nú 1.746 kr.** H14 cm. 2.995 kr. **Nú 2.096 kr.**






CHRISTMAS pappastjarna. Blá. Ø30 cm.
1.895 kr. **Nú 1.326 kr.**

**12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# Fann að fáir þekktu mann

Sigvaldi Guðjónsson hefur leikið vel með norska liðinu Elverum eftir vistaskiptin frá Aarhus í sumar. Sérstaklega hefur hann fundið sig vel í Meistaradeild Evrópu. Stefnan er sett á að fara á HM í byrjun næsta árs.

**HANDBOLTI** Sigvaldi Guðjónsson hefur látið til sín taka með Elverum í Meistaradeild Evrópu og er í hópi markahæstu leikmanna keppninnar. Hann hefur skorað 33 mörk eða 5,5 mörk að meðaltali í leik.

Sigvaldi segir að möguleikinn á að spila í Meistaradeildinni hafi verið stærsta ástæðan fyrir því að hann gekk í raðir Elverum í sumar, í stað þess að vera áfram hjá Aarhus í Danmörku.

„Ég myndi segja að þetta hafi verið skref upp á við, að spila í toppliði í Noregi og í Meistaradeildinni í staðinn fyrir að spila með liði um miðja deild í Danmörku. Þetta er aðeins stærri gluggi,“ sagði Sigvaldi í samtali við Fréttablaðið í gær.

**Möguleikinn til staðar**

Elverum tapaði fyrstu tveimur leikjum sínum í D-riðli Meistaradeildarinnar en hefur nú unnið fjóra leiki í röð og á góða möguleika á að komast í 16-liða úrslit. Og þangað stefna Sigvaldi og félagar.

„Fjögur lið berjast um að komast áfram. Við verðum að halda áfram að safna stigum. Næst er erfiður útileikur gegn Wisla Plock. Það væri frábært að ná í stig gegn þeim,“ sagði Sigvaldi sem skoraði níu mörk í fyrri leiknum gegn pólska liðinu. Það er það mesta sem hann hefur skorað í einum leik í Meistaradeildinni.

**Meiri hraði í Noregi**

Sigvaldi segir dönsku deildina sterkari en þá norsku, allavega hvað einstaka leikmenn varðar.

„Taktískt er þetta mjög svipað. Hraðinn í Noregi er meiri en sú danska sterkari. Það er fleiri stjörnur þar,“ sagði Sigvaldi.

Frammistaða hans á tímabilinu fór ekki fram hjá Guðmundi Guðmundssyni sem valdi hann í landsliðið fyrir leikina gegn Grikklandi og Tyrklandi í síðasta mánuði. Það voru fyrstu keppnisleikir Sigvalda með landsliðinu.



Sigvaldi lék sína fyrstu keppnisleiki með íslenska landsliðinu í lok síðasta mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það var frábært að fá símtalið frá Gumma og sérstaklega að fá að spila heimaleik.**
>
> Sigvaldi Guðjónsson

Hann kom við sögu í báðum leikjunum og skoraði samtals fjögur mörk; þrjú gegn Grikkjum og eitt gegn Tyrkjum.

„Þetta kom aðeins á óvart. Ég hef ekkert verið í hópnum upp á síðkastið. Það var frábært að fá símtalið frá Gumma og sérstaklega að spila heimaleik,“ sagði Sigvaldi sem fluttist til Danmerkur á unglingsaldri. „Það eru kannski ekki margir sem þekkja mig á Íslandi og maður fann það þegar maður var valinn í landsliðshópinn,“ bætti hornamaðurinn við.

**Draumurinn um HM**

Heimsmeistaramótið í Danmörku og Þýskalandi er handan við hornið og þangað vill Sigvaldi eðlilega komast. „Það er markmiðið en ég þarf að standa mig. Það væri algjör draumur að fara á stórmót með Íslandi,“ sagði Sigvaldi að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

### Mörk Sigvalda í Meistaradeild Evrópu í vetur

● Tap ● Sigur

| | Úrslit | Lið | Mörk |
|---|---|---|---|
| Tap | 26-24 | Dinamo Búkarest | 3 |
| Tap | 28-30 | Wisla Plock | 9 |
| Sigur | 30-25 | Ademar Leon | 4 |
| Sigur | 29-30 | Wacker Thun | 4 |
| Sigur | 28-27 | Riihimäen Cocks | 5 |
| Sigur | 25-28 | Riihimäen Cocks | 8 |

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Stjarnan - ÍBV 22-27**
**Markahæstar:** Stefanía Theodórsdóttir 7, Kristín Guðmundsdóttir 4 - Kristrún Ósk Hlynsdóttir 5, Arna Sif Pálsdóttir 5/1.

**Fram - Selfoss 24-25**
**Markahæstar:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 6 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 13/1, Kristrún Steinþórsdóttir 3.

**Valur - KA/Þór 31-16**
**Markahæstar:** Lovísa Thompson 10/3, Sandra Erlingsdóttir 5/2 - Hulda Bryndís Tryggvadóttir 6.

**Haukar - HK 24-17**
**Markahæstar:** Turið Arge Samuelsen 7, Ramune Pekarskyte 5, Karen Helga Díönudóttir 3 - Elva Arinbjarnar 4.

**Meistaradeild Evrópu**

**A-riðill**

**Monaco - Club Brugge 0-4**
**Atl. Madrid - Dortmund 2-0**

**Staðan:** Dortmund 9, Atl. Madrid 9, Club Brugge 4, Monaco 1.

**B-riðill**

**Tottenham - PSV 2-1**
**Inter - Barcelona 1-1**

**Staðan:** Barcelona 10, Inter 7, Tottenham 4, PSV 1

**C-riðill**

**Napoli - PSG 1-1**
**Rauða stj. - Liverpool 2-0**

**Staðan:** Napoli 6, Liverpool 6, PSG 5, Rauða Stjarnan 4.

**D-riðill**

**Porto - Lokomotiv 4-1**
**Schalke - Galatasary 2-0**

**Staðan:** Porto 10, Schalke 8, Galatasaray 4, Lokomotiv Moskva 0.



// MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. nóvember 2018

41. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL






# Kaflaskil hjá Air Atlanta

Hannes Hilmarsson leiðir íslenska leiguflugfélagið í gegnum stórfellda endurnýjun flugflotans á næstu árum. Hannes segir stöðu íslensku flugfélaganna þunga og fram undan sé risavaxin hagræðing. » 6-7

> **Flugfélögin liggja alltaf best við höggi vegna þess að það eru svo gríðarlegir hagsmunir í húfi.**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




»2

**Icelandair óskar ekki eftir undanþágu**

Stjórnendur félagsins hyggjast ekki óska eftir undanþágu frá samkeppnislögum til þess að kaupin á WOW air komi til framkvæmda strax. WOW air gekk nýverið frá sölu- og endurleigusamningi upp á þrjá milljarða.

»4

**Rétti tíminn til að marka atvinnustefnu**

Framkvæmdastjóri SI segir að samkeppnishæfni sé eins og heimsmeistaramótið í lífsgæðum. Við Íslendingar þurfum að hugsa lengra fram í tímann og nálgast málið með öðrum hætti.

»10

**Hverjir bera ábyrgð á virkni markaða?**

„Bankar og aðrir þátttakendur á fjármálamarkaði eru þeir aðilar sem eru í lykilstöðu að leita leiða til að bæta og viðhalda virkni markaða,“ segir Íris Arna Jóhannsdóttir, forstöðumaður hjá Kviku.



# 1.100 milljónir dugðu ekki fyrir enska boltann

Tilboð Sýnar í sýningarrétt í enska boltanum næstu þrjú árin nam nærri átta milljónum evra, jafnvirði 1.100 milljóna króna, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Útboð á enska boltanum fyrir leiktímabilið 2019 til 2022 fór fram í síðustu viku þar sem Síminn hafði betur gegn Sýn. Útboðsferlið var með þeim hætti að ef munur á tilboðum væri innan tíu prósenta færi útboðið í aðra umferð. Ekki kom til þess og því ljóst að tilboð Símans var minnst tíu prósentum hærra.

Mat Sýnar var að hærra tilboð gerði það að verkum að tap yrði á þessari starfsemi miðað við eðlilegt verð til viðskiptavina. Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri miðla Sýnar, gat ekki tjáð sig um tilboðið í samtali við Markaðinn. Hann sagði að á annan tug þúsunda hefðu aðgang að enska boltanum gegnum Sýn og að niðurstaðan væri óheppileg fyrir neytendur.

„Það er ljóst að menn ætli með einhverjum hætti að fá peningana sem þeir borga fyrir svona sýningarrétti til baka þannig að mikil samkeppni í svona útboði kemur sér illa fyrir neytendur á endanum,“ sagði Björn.

Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri afþreyingarmiðla og sölu Símans, sagði tilboðið byggt á viðskiptaáætlun um nýtingu stökum rétti.

„Enski boltinn hefur verið dýr vegna þess að fólk hefur þurft að kaupa mikið með honum. Við teljum að við getum selt réttinn stakan og þannig náð til fleiri heimila með ódýrari vöru,“ sagði Magnús. **– tfh**




**Klakki fer með 100 prósenta hlut í Lykli.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslenskir lífeyrissjóðir selja bréf sín í Klakka

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa að undanförnu gengið frá sölu á stórum hluta bréfa sinna í Klakka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Fyrir söluna áttu lífeyrissjóðirnir, aðallega Birta, Gildi og LSE, samanlagt um sex prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu, sem heldur utan um allt hlutafé í Lykli, áður Lýsingu.

Tveir stjórnarmenn í Klakka, þar á meðal hæstaréttarlögmaðurinn Kristján B. Thorlacius, sem setið hefur í stjórninni í umboði lífeyrissjóðanna, munu hætta í stjórn á hluthafafundi sem verður haldinn næsta mánudag, að því er heimildir Markaðarins herma. Í þeirra stað verður einn nýr stjórnarmaður kjörinn, studdur af bandaríska vogunarsjóðnum Davidson Kempner, langsamlega stærsta eiganda Klakka, en á fundinum verður stjórnarmönnum eignarhaldsfélagsins fækkað úr sex í fimm.

Markaðurinn greindi frá því í haust að vilji stærstu hluthafa Klakka stæði til þess að félagið ætti áfram hlutinn í Lykli til næstu ára eftir að viðræðum um kaup TM á eignaleigufyrirtækinu var slitið fyrr í sumar. Áformar Klakki að auka umsvif Lykils hér á landi og breikka vöruframboð félagsins. **– hae, kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is







**Tilkynnt var um kaup Icelandair Group á helsta keppinaut sínum, WOW air, á mánudag. Endurgjaldið sem Skúli Mogensen, forstjóri og eini eigandi WOW air, fær fyrir hlutafé félagsins gæti numið á bilinu 1 til 3,6 milljarðar króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Icelandair óskar ekki eftir undanþágu

**Stjórnendur félagsins hyggjast ekki óska eftir undanþágu frá samkeppnislögum til þess að kaupin á WOW air komi til framkvæmda strax. WOW air gekk nývert frá sölu- og endurleigusamningi á fjórum vélum upp á um þrjá milljarða.**

Icelandair Group hyggst ekki sækja um undanþágu frá samkeppnislögum til þess að láta kaup félagsins á WOW air koma til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið rannsakar þau. Þetta staðfestir Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair Group, við Markaðinn.

Eftirlitið hefur allt að 115 virka daga, meira en fjóra mánuði, til þess að taka afstöðu til kaupanna ef það nýtir alla tímafresti.

Þegar WOW air tók yfir rekstur Iceland Express haustið 2012 fengu félögin undanþágu til þess að yfirtakan gæti komið til framkvæmda á meðan á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins stóð með þeim rökum að mikil óvissa ríkti um rekstrarhæfi Iceland Express. Hætta væri á því að reksturinn myndi fljótlega stöðvast ef kaupin næðu ekki fram að ganga.

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti við Háskólann í Reykjavík, segir að í samrunamáli Icelandair og WOW air geti komið til skoðunar hvort síðarnefnda félagið sé á fallanda fæti í skilningi samkeppnisréttar. Samkeppnisyfirvöldum beri að samþykkja samruna ef slík sjónarmið eigi við þótt leiða megi rök að því að samkeppni minnki í kjölfar samrunans.

„Hins vegar er slík niðurstaða háð afar ströngum skilyrðum. Það er ekkert fast í hendi að hver sem er megi kaupa félag þó svo að það sé illa statt fjárhagslega,“ nefnir Heimir Örn.

Samkvæmt heimildum Markaðarins gekk WOW air nývert frá sölu- og endurleigusamningi við flugvélaleigu vegna fjögurra flugvéla og mun í kjölfarið, nánar tiltekið í næstu viku, fá greiddar um 25 milljónir dala, jafnvirði um þriggja milljarða króna.

Forsvarsmenn WOW air gerðu sér hins vegar fljótlega grein fyrir því að fjármagnið myndi ekki nýtast í reksturinn, eins og vonir stóðu til, heldur myndi það renna til kröfuhafa, svo sem birgja félagsins, sem myndu í framhaldinu krefjast meðal annars frekari trygginga fyrir skuldum félagsins. Ekki væri því horfur á því að lausafjárstaða flugfélagsins, sem var þegar orðin afar slæm, myndi batna að neinu ráði.

### Skoðanamunur líklegur

Heimir Örn segir viðbúið að Samkeppniseftirlitið muni vilja leggja mat á samkeppnisleg áhrif samrunans. „Það þýðir að eftirlitið þarf að skilgreina markaði málsins og meta stöðu félaganna á þeim,“ nefnir hann og bætir við:

„Hugsanlega verður skoðanamunur á milli félaganna annars vegar og eftirlitsins hins vegar um þessi atriði. Það má búast við því að félögin leggi áherslu á að þau séu litlir keppinautar á stórum markaði fyrir flug á milli áfangastaða vestanhafs og austanhafs. Eftirlitið kann að vilja skilgreina markaði málsins heldur þrengra. Eftir því sem markaðir eru skilgreindir þrengra eru meiri líkur á niðurstöðu um skaðleg áhrif samruna á samkeppni, meðal annars með hliðsjón af hárri markaðshlutdeild samrunaaðila og fleira,“ segir Heimir Örn.

Ef Icelandair Group og WOW air byggja á því í málatilbúnaði sínum fyrir Samkeppniseftirlitinu að síðarnefnda félagið sé á fallanda fæti, eins og líkur benda til, og því beri að heimila yfirtökuna, þá þurfa félögin meðal annars að sannfæra eftirlitið um að engin raunhæfur möguleiki hafi verið á því að selja WOW air til annarra félaga en Icelandair Group.

Heimildir Markaðarins herma að í því sambandi muni forsvarsmenn WOW air gera eftirlitinu grein fyrir ýmsum misheppnuðum viðræðum sem þeir hafi undanfarið átt við fjárfesta um kaup á hlutafé í flugfélaginu. Tilraunir til þess að fá fjárfesta að borðinu séu þannig fullreyndar.

### Í skjól frá kröfuhöfum

Arnar Þór Stefánsson, hæstaréttarlögmaður á LEX, segir að einn hugsanlegur möguleiki í stöðunni fyrir WOW air sé að leita heimildar til greiðslustöðvunar á meðan Samkeppniseftirlitið rannsakar kaup Icelandair á flugfélaginu.

„Úrræðið er almennt hugsað til þess að veita félögum skjól frá kröfuhöfum til þess að vinna úr sínum málum. Það er hins vegar spursmál hvort og að hvaða marki úrræðið hentar í þessu tilviki,“ nefnir Arnar Þór.

„Á meðan félag er í greiðslustöðvun geta kröfuhafar að meginstefnu ekki beitt neinum vanefndaúrræðum gagnvart því, til dæmis ekki gert fjárnám hjá því eða knúið það í gjaldþrot, og stjórnvöld geta heldur ekki beitt neinum þvingunarúrræðum.

Það er sérstaklega mælt fyrir um það í lögum um gjaldþrotaskipti að ákvæði í samningum eða réttarreglum um afleiðingar vanefnda, til dæmis gjaldfellingarákvæði, taki ekki gildi gagnvart skuldaranum á þeim tíma sem greiðslustöðvun stendur yfir, sem getur í mesta lagi verið sex mánuðir,“ segir Arnar Þór.

**hordur@frettabladid.is,**
**kristinningi@frettabladid.is**

## Geta fengið skuldabréfin greidd upp

Við kaup Icelandair Group á WOW air munu virkjast ákvæði í skuldabréfum síðarnefnda félagsins sem heimila eigendum bréfanna að krefjast þess að bréfin verði greidd upp með fimm prósenta þóknun, auk uppsafnaðra og ógreiddra vaxta.

Fram kemur í skilmálum bréfanna, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að skuldabréfaeigendurnir, sem eignuðust bréfin í útboði WOW air fyrr í haust, hafi sextíu virka daga frá því að þeir fá formlega tilkynningu um kaupin til þess að ákveða hvort þeir nýti réttinn. Ólíklegt verður að teljast að þeir kjósi svo enda eru vaxtakjörin afar há í samanburði við kjör á skuldabréfum annarra flugfélaga.

## 14

**milljarðar króna er hækkun á markaðsvirði Icelandair Group frá því í byrjun vikunnar.**

# BESTU LÚXUSJEPPARNIR ERU FRÁ VOLVO

## VOLVO XC60 AWD
## HEIMSBÍLL ÁRSINS 2018

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá EURO NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.
Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.890.000 kr.

## VOLVO XC90 AWD
## MARGVERÐLAUNAÐUR LÚXUSJEPPI

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af EURO NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandaríska umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.190.000 kr.

## VOLVO XC40 AWD
## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2018

Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstraprófunum EURO NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.690.000 kr.



MADE BY SWEDEN

**Komdu og skoðaðu þessa frábæru verðlaunajeppa í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

APOTEK
KITCHEN+BAR



ÍTALSKT POP UP
MIÐVIKUDAG–SUNNUDAGS

Við bjóðum velkomna ítölsku gestakokkana og matreiðslusnillingana Massimiliano og Matteo Cameli frá veitingahúsinu Al Vecchio Convento

MATSEÐILL

**Djúpsteikt eggjarauða** með Parmigiano & Fossa-ostafroðu 1.990 kr.

**Nauta- og hreindýratartar** með krydduðum spírum, engifer, poppuðum villihrísgrjónum, ólífum og rúkkóla 2.900 kr.

**Lasagna með svörtum trufflum**, gerjaðri svart-hvítlaukssósu og stökkri geitamjólk 3.900 kr.

**Smokkfiskblek cannelloni** með humri og þorski, hvít-tómatsósu, vanilluolíu og stökkum þara 4.900 kr.

**Djúpsteikt fyllt lambakonfekt** með blómkáls-purée og blómskálskúskús 5.900 kr.

**Furubarkarís**, kantarellusveppir, kastaníuhnetu „crumble" 1.900 kr.

SMAKKSEÐILL
**Smakkaðu alla sex réttina**
10.900 kr. á mann

Poderi dal Nespoli 1929

**Þú mátt bara ekki missa af þessu!**
**Borðapantanir á apotek.is og í síma 551 0011**

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / **apotek.is**



## Ísland árin 2018 og 2050




Heimild: Samtök iðnaðarins.

# Rétti tíminn til að marka atvinnustefnu

**Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir að samkeppnishæfni sé eins og heimsmeistaramótið í lífsgæðum. Við Íslendingar þurfum að hugsa lengra fram í tímann og nálgast málið með öðrum hætti. Annars drögumst við aftur úr.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Nú er rétti tíminn fyrir ríkið til að marka sér atvinnustefnu til langs tíma. Endurreisn efnahagslífsins er að baki og mikilvægt að líta fram á veginn til að efla samkeppnishæfni landsins sem bætir hag allra landsmanna. Önnur lönd vinna með þeim hætti um þessar mundir og stuðla að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar. „Það mun reynast samfélaginu vel enda lyftast öll skip á flóðinu," segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins birta í dag skýrslu þar sem skyggnst er inn í framtíðina og gerðar tillögur að umbótum sem ráðast mætti í á næstu tveimur árum til þess að auka verðmætasköpun sem er grundvöllur að velferð og bættum lífsgæðum landsmanna. Sigurður segir að fjórir þættir skipti mestu fyrir samkeppnishæfni landa: Menntun, innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi.

### Hlutfallslega færri vinnandi

„Við skoðum hvernig hagkerfið gæti litið út árið 2050. Öldrun þjóðarinnar mun leiða til þess að færri verða á vinnumarkaði fyrir hvern eldri borgara þegar fram í sækir. Í dag eru um fimm manns á vinnumarkaði fyrir hvern eldri borgara en þeir verða ekki nema þrír árið 2050 ef spáin rætist. Annars vegar munu færri hendur geta aðstoðað þá sem eldri eru og hins vegar verða færri hendur til að knýja áfram hagvöxt. Loftslagsmál eru annað dæmi um samfélagslega áskorun þar sem hugsa þarf málin upp á nýtt. Með nýsköpun og breyttri nálgun mun iðnaðurinn finna lausnir á þessum áskorunum. Þess vegna þarf að ýta undir nýsköpun og nýja hugsun til að leysa samfélagsleg viðfangsefni og skapa jafnframt hagvöxt. Það hefur okkur Íslendingum tekist vel á sviði orkunýtingar og með aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi og við höfum öll tækifæri til að endurtaka leikinn þegar kemur að öðrum viðfangsefnum," segir Sigurður í samtali við Markaðinn.

Hagvöxtur síðustu aldar var knúinn áfram af náttúruauðlindum en í framtíðinni mun hugvit draga vagninn. „Það þarf sannarlega að hlúa að þeirri starfsemi sem nú er en jafnframt sjá til þess að hér rísi ný og öflug fyrirtæki sem eiga erindi á alþjóðlega markaði sem geti skapað gjaldeyristekjur og áhugaverð störf," segir hann og vekur athygli á að aukin fjölbreytni í atvinnulífi muni skapa aukinn stöðugleika í efnahagslífinu.

> **Það þarf sannarlega að hlúa að þeirri starfsemi sem nú er en jafnframt sjá til þess að hér rísi ný og öflug fyrirtæki sem eiga erindi á alþjóðlega markaði sem geti skapað gjaldeyristekjur og áhugaverð störf**
>
> Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Í skýrslunni er vakin athygli á fjölda atriða sem betur mættu fara, eins og að skattalega hvata fyrir rannsóknir og þróun þurfi að auka, skattar á fyrirtæki séu háir í alþjóðlegum samanburði, reglur séu íþyngjandi og óskilvirkar sem sé kostnaðarsamt fyrir atvinnulífið. Auk þess er bent á að efnahagslífið hafi einkennst af meiri óstöðugleika en annars staðar í hinum vestræna heimi. Styrkja þurfi umgjörð vinnumarkaðar og afnema höfrungahlaup. Launahækkanir þurfi að taka mið af vexti í framleiðni vinnuafls.

### Rauður þráður í annarri stefnumótun

„Skynsamleg atvinnustefna verður rauður þráður í annarri stefnumótun hins opinbera. Það myndi leiða sem dæmi til þess að menntastefnan styðji við nýsköpun í atvinnulífinu og að sýn stjórnvalda á loftslagsmál myndi skapa betri samfellu í öðrum málum. Stefnt er á að rafmagn muni í auknum mæli knýja bíla en til þess að það nái fram að ganga þarf að virkja í meiri mæli og styrkja flutningsnet fyrir raforku. Þannig væri unnið að sameiginlegu markmiði í ólíkum málaflokkum svo að fjármunir nýtist á sem skilvirkastan hátt og dregið verði úr sóun. Eins og sakir standa er stefnumótun ríkisins ekki nægjanlega samhæfð," segir hann.

### „Öll ríki eru að leita leiða til að bæta sína stöðu"

Að sögn Sigurðar hafa önnur ríki og Evrópusambandið markað nýja atvinnustefnu í takt við breytta tíma. Nú sé horft til fjórðu iðnbyltingarinnar og loftslagsmála í meiri mæli. Sem dæmi hafi Frakkar markað stefnu fyrr á þessu ári þess efnis að Frakkland verði í fremstu röð í heiminum á sviði gervigreindar. „Sú skýra stefnumörkun leiddi til fjárfestingar alþjóðlegra stórfyrirtækja eins og IBM og Samsung sem komu á fót slíkri starfsemi í landinu," segir hann.

Bretland hafi mótað atvinnustefnu í kjölfar kosninga um útgöngu úr Evrópusambandinu og Evrópusambandið birti slíka stefnu fyrir ári til að standa betur að vígi í samkeppni við fyrirtæki í Asíu og Bandaríkjunum. „Samkeppnishæfni er eins og heimsmeistaramótið í lífsgæðum. Samkeppnishæfni er breiður mælikvarði og mun breiðari heldur en landsframleiðsla ein og sér. Öll ríki eru að leita leiða til að bæta sína stöðu. Við Íslendingar þurfum því að hugsa lengra fram í tímann og nálgast málin með öðrum hætti. Ef við gerum ekkert drögumst við aftur úr og ef við eltum einungis næstu lönd dugar það okkur skammt af því að allir eru að hlaupa."

# VÍKURVAGNAR EHF

## MIKIÐ ÚRVAL AF KERRUM
## FYRIR IÐNAÐARMENN OG VERKTAKA








VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA og ÁREIÐANLEIKI

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík*

*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*



**Hannes Hilmarsson hefur gegnt stöðu forstjóra Air Atlanta í tólf ár. Nú tekur hann við sem forstjóri systurfélagsins Northern Lights Leasing til að leiða endurnýjun á flotanum** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Arðsemin vegur meira en umsvif félagsins

**Air Atlanta og systurfélag þess áforma að endurnýja flugflotann á næstu árum. Íslenska leiguflugfélagið í sterkri stöðu eftir margra ára endurskipulagningu og uppbyggingu. Hannes hættir sem forstjóri og verður stjórnarformaður. Segir stöðu flugfélaga þunga og að þau megi ekki við frekara launaskriði eða skærum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Íslenska leiguflugfélagið Air Atlanta stendur á tímamótum eftir mikið umbreytingaskeið. Fram undan er stórfelld endurnýjun á flugflotanum sem felur í sér að nýrri flugvélategundir komi smám saman í stað þeirra tólf Boeing 747-véla sem félagið hefur til umráða. Fyrirhugað er að slík endurnýjun flugflotans hefjist frá og með árinu 2020. Hannes Hilmarsson lætur af störfum sem forstjóri Air Atlanta um áramótin eftir að hafa gegnt stöðunni í tólf ár. Hann sleppir tökunum af daglegum rekstri félagsins en mun þess í stað leiða endurnýjun og uppbyggingu á flotanum sem stjórnarformaður Air Atlanta og framkvæmdastjóri systurfélagsins Northern Lights Leasing ehf. sem heldur utan um eignarhald flugflotans.

„Á síðustu tólf árum hafa orðið gríðarlegar breytingar á flugfélaginu Atlanta þrátt fyrir að félagið hafi ekki verið áberandi í íslenskum fjölmiðlum. Félagið er á góðum stað í dag og nú er komið að því að taka næstu skref í sögu þess,“ segir Hannes Hilmarsson í viðtali við Markaðinn.

Hannes, ásamt Geir Val Ágústssyni, Stefáni Eyjólfssyni og Helga H. Hilmarssyni, keypti Air Atlanta af Eimskip í árslok 2007 og við tók lífróður fyrir tilvist félagsins. Félagið var í frjálsu falli og tæknilega gjaldþrota að sögn Hannesar en uppsafnað tap fyrir skatta nam um 100 milljónum dala á árunum 2005 til og með 2008.

„Fyrsta verkefnið var að koma Atlanta réttum megin við núllið og það tókst árið 2009 en þá var efnahagsreikningurinn orðinn ansi veikburða. Þess utan voru kröfur utan efnahagsreiknings um 160 milljónir dala. Þá var ekki annað í stöðunni en að ganga til viðræðna við kröfuhafa og birgja um fjárhagslega endurskipulagningu sem hófst árið 2010 og lauk á miðju ári 2011,“ segir Hannes.

### Skilakostnaður háði félaginu

Í framhaldi af fjárhagslegri endurskipulagningu var lögð lykiláhersla á að byggja upp flugflota félagsins. Félagið hafði brennt sig á kostnaðinum og áhættunni sem fylgir því að leigja gamlar flugvélar, en alls hefur yfir 40 flugvélum verið skilað frá því að Hannes tók við félaginu. Hann segir að það hafi kostað að meðaltali um 100 milljónir króna að skila hverri vél.

„Framlegðin í rekstrinum er það lág að dæmið gengur ekki upp. Því settum við stefnuna á að að reyna að eignast flugflotann til að forðast síendurtekinn skilakostnað. Á þeim tíma var nær ómögulegt fyrir fyrirtækið að fá lán og því fórum við þá leið að gera fjármögnunarleigusamninga sem fela í sér að við leigjum vélina í ákveðinn fjölda ára og eignumst hana í lok tímabilsins.“

Flugflotinn hefur verið byggður upp í gegnum systurfélagið Northern Lights Leasing ehf. sem leigir flugvélarnar til Air Atlanta, en flotinn samanstendur nú af tólf Boeing 747-400-vélum og einni Airbus 340-300-vél. Þetta fyrirkomulag hefur margvíslegan ábata í för með sér.

„Þegar flugvélin er komin á aldur og við getum ekki leigt hana út hjá Atlanta stöðvast leigumælirinn og hún er seld á hrakvirði inn í Atlanta þar sem hún er rifin niður í varahluti. Þetta þýðir að í staðinn fyrir að greiða 100 milljónir króna í skilakostnað fær Atlanta hátt í tvöfalda þá upphæð í ávinning. Þessar aðgerðir gera okkur kleift að auka arðsemi í áhættusömum rekstri,“ segir Hannes og bætir við að sveigjanleikinn í samningum á milli systurfélaganna skipti máli. Leigusamningar Atlanta við viðskiptavini séu stuttir og aðstæður geti breyst á svipstundu.

Með því að draga úr áhættu og kostnaði sem fylgir leigusamningum hefur Atlanta náð að lækka leigukostnað flugvéla úr 24 prósentum af tekjum niður í 16 prósent á milli áranna 2015 og 2017. Þessi hagræðing hefur reynst fyrirtækinu nauðsynleg til að vega upp á móti hækkun innlends kostnaðar.

„Okkar viðskiptamódel gengur út á að halda eignarhaldi flugvélanna og flugrekstrinum aðskildum. Með því fáum við skýra og einfalda mynd af flugrekstrinum og forðumst þær freistingar að leysa skammtíma rekstrarvandamál flugfélagsins með því að innleysa hagnað af því að selja og leigja til baka flugvélar eins og tíðkast víða hjá flugfélögum,“ segir Hannes.

### Fraktmarkaðurinn vaknaði til lífsins

Endurnýjun flugflota Air Atlanta á næstu árum miðar að því að Boeing 777 taki við af Boeing 747. Ábatinn sem fylgir því að skipta fyrrnefndu flugvélargerðinni inn fyrir hina síðarnefndu felst í minni eldsneytis- og viðhaldskostnaði. Boeing 777 er framleidd í tveimur undirgerðum; 200 og 300.

„Boeing 777-300 er tilvalin til þess að taka við af 747-400 en Boeing 777-200 er aðeins minni og gæti þess vegna opnað nýja markaði fyrir Atlanta. Þessar flugvélategundir bjóða upp á samlegðaráhrif vegna þess að þær krefjast sömu þjálfunar og sömu varahluta. Við sjáum spennandi tækifæri í þessari flugvélategund, en þær eru dýrar. Við verðum að vera þolinmóð og bíða eftir því að kaup- eða leiguverð fari saman við viðskiptalíkan Atlanta,“ segir Hannes. Hann nefnir að kaupverð vélar af gerðinni 777, jafnvel þó að hún sé orðin12 ára gömul geti numið yfir 60 milljónum dala.

Spurður um önnur vaxtartækifæri svarar Hannes því að félagið sjái tækifæri á fraktmarkaðinum. Betra efnahagsástand og jafnvægi í framboði á fraktvélum hafi glætt fraktmarkaðinn lífi eftir margra ára deyfð.

„Fraktmarkaðurinn var í lægð í tíu ár en vaknaði til lífsins fyrir rúmu ári. Það leiddi til þess að öllum fraktvélum var sópað upp og í dag er ekki hægt að fá 747-400 fraktvél. Við gætum í raun verið með þrjár til fimm fraktvélar í rekstrinum til viðbótar ef við fyndum vélar til að leigja eða kaupa,“ segir Hannes, en af þeim þrettán flugvélum sem eru á snærum Atlanta eru fimm notaðar til fraktflutninga. Hinar átta eru farþegavélar sem sinna meðal annars pílagrímaflugi til múslimaríkja. „Pílagrímaflugið hefur borið okkur í gegnum lægðina á fraktmarkaðinum. Við höfum verið á þessum markaði í yfir 25 ár og erum þar með mjög sterka stöðu og gott orðspor.“

*Sérðu fram á mikinn vöxt hjá félaginu á næstu árum?*

„Við höfum að meðaltali verið með í kringum 17 flugvélar í rekstri á síðustu 12 árum, en þær eru þrettán í dag. Þegar þú ert kominn með fleiri en 20 vélar verður stökkbreyting á yfirbyggingunni og umstanginu og áhættan eykst. Og ef vélarnar eru aftur á móti færri en 10 þá minnkar stærðarhagkvæmni. Við gætum auðveldlega bætt við okkur tveimur eða þremur vélum án þess að auka mikið yfirbygginguna. Gæði og arðsemi eru mun verðmætari en stærðin í okkar augum.“

## Stiklað á stóru

Air Atlanta var stofnað sem leiguflugfélag árið 1986 af Arngrími Jóhannssyni og Þóru Guðmundsdóttur. Á tíunda áratugnum óx félagið hratt og árið 2002 eignaðist Magnús Þorsteinsson, viðskiptafélagi Björgólfsfeðga, rétt rúman helmingshlut í félaginu. Air Atlanta sameinaðist Íslandsflugi árið 2005, og sama ár tók sameinað félag yfir Eimskipafélagið og úr varð samsteypan Avion Group. Ekki nema ári síðar ákvað Avion Group að selja flugreksturinn úr samsteypunni í kjölfar niðurskurðar á flugflotanum og rekstrarerfiðleika. Hannesi var sem forstjóra falið að selja flugreksturinn. Söluferlið gekk ekki sem skyldi og í lok árs 2007 keyptu Hannes og þrír stjórnendur bæði Air Atlanta og Northern Lights

## Air Atlanta í hnotuskurn árið 2017

| | |
|---|---|
| Farþegaflutningar | **770** þúsund farþegar |
| Fraktflutningar | **200** þúsund tonn |
| Meðalfjöldi starfsmanna | **1.100** starfsmenn |
| Fjöldi flugvéla í rekstri | **14** breiðþotur |
| Gjaldeyri skipt fyrir krónur | **5,3** milljarðar króna |

# Fólk
Heimilið

MIÐVIKUDAGUR 7. NÓVEMBER 2018



Ein allra vinsælasta vara Gtech er Power Floor K9 ryksugan sem er einstaklega meðfærileg og öflug þráðlaus ryksuga sem ræður auðveldlega við gæludýrahár.

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.



# Þráðlaus þægindi fyrir heimilið

Enska fyrirtækið Gtech hefur selt yfir 22 milljónir þráðlausra vara á borð við ryksugur, sópa og garðvörur auk rafhjóla. Ein vinsælasta vara þeirra er Multi Power Floor K9 ryksugan sem er einstaklega meðfærileg og öflug þráðlaus ryksuga sem ræður m.a. auðveldlega við gæludýrahár. →2

**Framhald af forsíðu ➺**

Fyrsta þráðlausa ryksugan kom á markað árið 2002 en hún var framleidd af enska fyrirtækinu Gtech. Síðan þá hefur fyrirtækið selt yfir 22 milljónir ólíkra vara undir merkjum sínum en vörur þess hafa sannarlega tekið Stóra-Bretland með trompi að sögn Daníels Helgasonar hjá Proximus ehf., sem er umboðsaðili Gtech á Íslandi. „Markmið Gtech hefur alla tíða verið að bjóða vandaðar vörur í milliverðflokki fyrir kröfuharða neytendur. Undanfarin ár hefur fyrirtækið fært út kvíarnar og núna stendur íslenskum neytendum til boða gott úrval af þráðlausum vörum frá Gtech. Þar má helst nefna úrval rafryksuga og rafsópa, garðvara og rafhjóla.“

## Einstaklega meðfærileg

Ein allra vinsælasta vara Gtech er Gtech MultiPowerFloor K9 ryksugan sem er einstaklega meðfærileg og öflug þráðlaus ryksuga sem ræður m.a. auðveldlega við gæludýrahár að sögn Daníels. „Þessi einstaka ryksuga er sérstaklega hönnuð fyrir heimili þar sem mikið er um að vera. Þá er nauðsynlegt að eiga öfluga ryksugu til að auðvelda heimilisfólki lífið en vélin er hönnuð af verkfræðingum með þarfir slíkra heimila í huga enda hefur hún notið mikilla vinsælda undanfarin ár.“

Hann segir hreingerningar vera hluta af daglegu lífi enda óhjákvæmilegt að ryk og óhreinindi safnist saman innan veggja heimilisins. „Með það í huga var Gtech Power Floor K9 hönnuð, til þess að ráða við erfiðustu áskoranirnar við þrifin. Henni er ætlað að ráðast gegn hinum ýmsu óhreinindum og óþef á heimilinu auk þess sem hún ræður vel við erfiðustu dýrahárin.“

## Gæludýrahárin burt

Það er nefnilega áskorun að eltast við gæludýrahár um alla íbúð en Daníel segir Gtech Power Floor K9 leysa það verkefni vel af hendi. „Auk þess á óþefur frá gæludýrum það til að festast í hefðbundnum ryksugum sem síðan dreifa þessari óþægilegu lykt um heimilið. Því er hægt að skipta út léttum ilmgjafa með litlum töflum sem passa í síuna og dreifa þannig léttum ilmi í stað óþefs af óhreinindum. Gtech Power Floor K9 er styrkt með íhlutum úr áli svo það er auðveldara að hreinsa upp hárin eftir ferfætlingana á heimilinu.“

## Vegur aðeins 2,3 kg

Gtech Power Floor K9 ryksugan er auk þess afar létt og meðfærileg en hún vegur aðeins 2,3 kíló segir Daníel. „Það getur sannarlega verið þreytandi að vera með þunga ómeðfærilega ryksugu í eftirdragi sem þarf að stinga í samband hér og þar. Einstakt AirLOC kerfi hennar sér um að taka óhreinindi upp úr öllum gólfefnum. Með því að ýta ryksugunni á undan þér nær vélin öllum stærri sjáanlegum óhreinindum en með því að draga hana að þér læsist hausinn þannig að hún nær upp smærra ryki og óhreinindum sem ekki eru alltaf sjáanleg með berum augum.“

GtechPower Floor K9 kemur með svampsíu sem tekur fínni agnir eins og ryk. Hana er hægt að þvo og því verða aldrei tafir á þrifum. Vélin er með öflugri 22V litíumrafhlöðu sem endist í 20 mínútur eftir fjögurra tíma hleðslu. Fjöldi aukahluta fylgir með ryksugunni, t.d. bursti, stútur fyrir kverkar og lítill haus fyrir áklæði og bílinn.

## Fjöldi annarra vara

Auk Gtech Power Floor K9 ryksugunnar býður Proximus upp á fleiri tegundir af þráðlausum ryksugum og rafsópum. „Auk þeirra bjóðum við einnig upp á þráðlausar sláttuvélar, sláttuorf og hekkklippur sem hafa vakið miklu lukku meðal garðeigenda. Hybrid-rafhjólin okkar hafa einnig hlotið mikið lof en þau eru ætluð til notkunar innanbæjar og fyrir sport- og fjallahjólamennsku.“

Allar GTech vörur má kynna sér á gtech.is og kaupa hjá BSV netverslun (bsv.is) og Heimkaupum (heimkaup.is).


Fjöldi aukahluta fylgir með ryksugunni, t.d. lítill haus fyrir áklæði og bílinn sem gerir öll þrif mun þægilegri.


Gott safn aukahluta fylgir Power Floor K9.


Hybrid-rafhjólin okkar hafa hlotið mikið lof en þau eru ætluð til notkunar innanbæjar og utanvega.


Það er frábær tilfinning að vera laus við snúruna á rafmagnssláttuvélinni.


Sláttuorfin eru einstaklega meðfærileg og auðveld í notkun.


Það er mjög þægilegt að ryksuga með vélinni sem gerir þrifin skemmtilegri.



Power Floor K9 og ArRam K9 komast auðveldlega undir sófa og stærri stóla.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is




# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


## Bílar & Farartæki

**Premium Cars**



Porsche Cayenne S Hybrid Árgerð 2015, ekinn 85 þkm. Loftp.fjöðrun, 21" ofl. Verð kr. 8.900.000



Toyota Yaris Active Hybrid Nýr bíll, Sjálfskiptur, bakkmyndavél, álfelgur ofl. Tilboðsverð kr. 2.690.000



Mercedes-Benz C350e Hybrid Árgerð 2017, ekinn 21 þkm. Loftp. fjöðrun, forhitun á miðstöð, 19" AMG Style ofl. Verð kr. 4.990.000

**Premium Cars**
**Kletthálsi 1, 110 Reykjavík**
**Sími 415 7000**
**premiumcars.is**

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SJÁLFSKIPTI ÞJARKURINN!**
'09 VW TRANSPORTER 6 MANNA. EK 179 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK, ÁSETT 1.980Þ #481439. S: 695 2015



**DISCO FRISKÓ!!!**
'06 LR DISCOVERY 3. EK 220 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK....VERÐ 1.680Þ #472812. S: 695 2015



**MOLI DAGSINS!!!**
'17 HYUNDAI i30. EK 48 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK....ÁSETT 1.980Þ #454281. S: 695 2015



**NEYÐARKALLINN!!!**
'17 CAN-AM MAVERICK TURBO 4 MANNA .VSK ÖKUTÆKI!!! EK 4 KLST.... VERÐ 5.980Þ #454129. S: 695 2015

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**BROSKALLINN!!!**
'15 CAN-AM MAVERICK TURBO . EK 2 Þ.KM....ÁSETT 4.280Þ #453087. S: 695 2015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

### Varahlutir

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

**Traust og fagleg starfsmannaveita** sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

**HANDAFL**
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Önnur þjónusta



**REYKJAVÍK OG AKUREYRI**
www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun, parketlagnir og djúphreinsun á öllum gólftegundum. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Stúdíó íbúð með húsgögnum til leigu í 101 Rvk.
Studio apartment furnished for rent in 101 Rvk. Uppl. S: 899-6255

Big room for rent in 105 Rvk. 70.000 per month S:869-9766

Til leigu 3ja herb. íbúð á 1. hæð í Álftamýri. Laus nú þegar, til 1. sept. 2019 Leiguverð 180.000 + rafm. og hiti á mán. Þrír mán. fyrirfram Áhugasamir sendið á jonahannesdottir@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum

Veitur ohf. hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um aukna vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum í Heiðmörk, Reykjavík.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **8. nóvember til 21. desember 2018** á eftirtöldum stöðum: Í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **21. desember 2018** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

## Til leigu

### Ferðavagnageymsla að Smiðjustíg 10 Flúðum

Húsið er upphitað.
Hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagnar.
Verð 13.000 kr lengdarmetrinn, greitt við komu.
Lengd er mæld með beisli á ferðavögnum.
Fjarlægja þarf gaskúta og rafgeyma við komu.
Sækja þarf tæki úr geymslu 10 -11 maí 2019
**Upplýsingar í síma 892-1010**

**Ath!**
Engar tryggingar eru á tækjum sem geymd eru í húsinu

EIGNAMARKAÐURINN

**Til leigu**
**Tryggvagata 11**





Glæsileg 440m² skrifstofuhæð í hjarta borgarinnar.

Hæðin skiptist í 13 skrifstofur 2 fundaraðstöður, kaffistofu og salerni auk opinna vinnurýma/seturýma.

Bókaðu skoðun hjá Böðvari Reynissyni lögg.fasteignasala í s. 766-8484 eða bodvar@eignamarkadurinn.is

**Ármúli 4, 108 Rvk. | s. 519-8484 | www.eignamarkadurinn.is**

## Fasteignir




Fallег og björt 149,7 fm sérhæð að meðtöldum 31,6 fm bílskúr á þessum vel staðsetta og rólega stað í Kópavogi
Fallegt útsýni er til norðurs úr stofum íbúðarinnar og útgengt á rúmgóðar svalir
Gengið er beint inn á hæðina frá Melaheiði
Aðkoma að íbúð á neðri hæð er frá Álfhólsvegi
Timburverönd í suður ásamt fallegum grónum garði, sem er séreign efri hæðar
Fyrir framan húsið er skemmtilegt óbyggt útivistasvæði - Stutt í skóla og leikskóla



Nánari upplýsingar veitir:
**Páll Þórólfsson** lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

Verð :
**61,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

intellecta.is

**RÁÐNINGAR**



intellecta


**HVER VANN?**

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

## Umbreyting Air Atlanta í gegnum árin




**Launakostnaður sveiflast með genginu**

Tekjur Air Atlanta námu 224,2 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári, jafnvirði 27,3 milljarða króna á núverandi gengi, og hagnaður nam 9,8 milljónum dala. Flugvélum hafði fækkað frá fyrra ári en góða afkomu mátti annars vegar rekja til hagræðingar í leigukostnaði og hins vegar til betri nýtingar á vélunum.

„Þegar við leigjum út vélar þá kveða samningarnir á um lágmarksflugtíma á mánuði sem við fáum greitt fyrir. Ef við fengjum aðeins greitt fyrir lágmarkstíma myndum við skila tapi. Afkoman byggist á aukatímum og til þess að fá aukatímana verðum við að vera sveigjanleg. Áhöfnin þarf að vera reiðubúin að hoppa í flug með örskömmum fyrirvara. Þegar við hefjum nýtt rekstrarár getum við áætlað fjölda aukatíma en þeir eru aldrei tryggðir og ráðast af eftirspurn á mörkuðum hverju sinni,“ segir Hannes.

Afkoman í ár verður viðunandi að sögn Hannesar. „Það er stanslaus áskorun að viðhalda þeirri litlu framlegð sem reksturinn býður upp á. Það þarf lítið að bera út af í rekstrinum til að þurrka hana út. Þó svo að fyrirtækið hafi verið arðbært frá árinu 2009 þá er meðalarðsemin rétt um eitt prósent. Þetta snýst um að halda vélum í nýtingu og koma böndum á kostnað.“

Allar tekjur Air Atlanta eru í erlendum gjaldmiðlum en umtalsverður kostnaður fellur til á Íslandi. Sterkt gengi krónunnar síðustu tvö ár hefur því leitt til kostnaðarhækkana fyrir flugfélagið.

„Við erum með yfir 200 íslenska starfsmenn og aðalskrifstofu á Íslandi. Á hverju ári skiptum við erlendum gjaldeyri fyrir meira en fimm milljarða króna til að greiða laun og stjórnunarkostnað. Þessi kostnaður hefur hækkað með genginu síðustu tvö ár og við höfum þurft að vinna hann upp annars staðar. Gengið hefur gert útflutningsfyrirtækjum erfitt fyrir og ég held að það sé að koma á daginn að krónan hafi verið of sterk síðustu tvö ár,“ segir Hannes.

**Staða verkalýðsfélaga umhugsunarefni**

Áhafnarkostnaður Air Atlanta óx úr 20 prósentum af tekjum í 27 prósent á árunum 2015 til 2017. Hluta af því má rekja til gengisþróunar en launaskrið vegna aukinna umsvifa Icelandair og WOW air hefur einnig haft töluverð áhrif.

„Launaskrið hjá Icelandair hefur bein áhrif á okkar launakostnað þar sem við höfum sömu verkalýðsfélög. Sterk króna og launaskrið hafa hækkað launakostnaðinn verulega og við erum ekki eins samkeppnishæft flugfélag og við vorum áður.“

*Hvernig horfa yfirvofandi kjaraviðræður við þér?*

„Íslenskt þjóðfélag er ekki í öfundarverðri stöðu. Ég tel að það sé víða búið að fara yfir þolmörkin eftir launahækkanir síðustu ára. Við sjáum hvaða áhrif hækkun launakostnaðar hefur haft á flugfélögin. Staða þeirra er mjög þung og það er augljóst að þau mega ekki við neinum skærum eða frekara launaskriði,“ segir Hannes. „Það er umhugsunarefni fyrir íslensk flugfélög hversu hart íslensku verkalýðsfélögin ganga fram og hversu sterka stöðu þau hafa til að stöðva flugsamgöngur. Flugfélögin liggja alltaf best við höggi vegna þess að það eru svo gríðarlegir hagsmunir í húfi.“

**Kaupin á WOW ólík sameiningunni við Íslandsflug**

Í byrjun vikunnar var greint frá því að stjórn Icelandair Group hefði gert kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í flugfélaginu WOW air. Spurður hvort samruni íslensku flugfélaganna sé af hinu góða fyrir íslenskt efnahagslíf svarar Hannes að kaupin séu án efa betri kostur en sá að láta WOW air fara í þrot.

„Það bíður hins vegar risavaxið verkefni sem felur í sér hagræðingu í rekstri beggja flugfélaga þar sem bæði félögin eru rekin með tapi í ár og útlit er fyrir áframhaldandi erfiðar ytri aðstæður. En svo verður áhugavert að sjá í hvaða átt félögin þróast og hvort Icelandair nýti sér sveigjanleika WOW-vörumerkisins til að útvíkka leiðakerfið fyrir utan Ísland.“

*Þú hefur áður sagt að sameining Air Atlanta og Íslandsflugs árið 2005 hafi verið misráðin þar sem tveimur ólíkum félögum hafi verið steypt saman. Er hætta á því að sameinað flugfélag Icelandair og WOW air lendi í sömu vandræðum?*

„Þegar Atlanta og Íslandsflug voru sameinuð var rekstur beggja félaga sameinaður undir einu vörumerki, einni kennitölu og einu flugrekstrarleyfi. Í tilfelli Icelandair og WOW á að reka félögin aðskilin með sjálfstæðu vörumerki og flugrekstrarleyfi en undir hatti Icelandair Group. Því er um ólíkar aðstæður að ræða, en ég teldi samt líklegt að Icelandair-menn reyndu að samþætta auglýsingar þætti milli félaganna eins og tryggingar, upplýsingatæknimál og jafnvel bókhald og bakvinnslu.“

### Nýsköpun í rekstrinum

Í leiguflugrekstri er sveigjanleiki lykilatriði. Air Atlanta hóf fyrir nokkrum árum þróun á lausn til að auka upplýsingaflæði til áhafnar og viðbragðsflýti hennar, og úr varð smáforritið CrewApp sem nú er sérfyrirtæki. Smáforritið gerir áhöfnum á fjarlægum slóðum kleift að fá ýmsar gagnlegar upplýsingar um flugið, hverjir aðrir eru í áhöfninni og hótelupplýsingar svo dæmi séu tekin. „Við erum mjög stolt af þessu afsprengi félagsins. Þetta er dæmi um þekkinguna sem fylgir íslenskum flugrekstri og enn frekar um hversu krefjandi rekstrarumhverfið er. Við þurftum að hanna lausn sem auðveldaði okkur að miðla upplýsingum og kalla út í aukaflug með örskömmum fyrirvara,“ segir Hannes. Notendur CrewApp eru sem stendur tíu þúsund og þar á meðal eru starfsmenn Icelandair, WOW air, Jet2 og Thomas Cook og nokkurra annarra flugfélaga.





ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Þrífst ekkert sérstaklega vel í kyrrstöðu

## Svipmynd

**Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir**

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir var nýlega ráðin framkvæmdastjóri Almannaróms, miðstöðvar um máltækni en meginhlutverk Almannaróms er að tryggja að íslenska standi jafnfætis öðrum tungumálum í hinu stafræna umhverfi.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Mín helstu áhugamál tengjast samveru með fjölskyldu og vinum, fjallaklifri og lengri fjallgöngum, hlaupum og því að sjá heiminn með manninum mínum og börnum. Auk þess hef ég mikinn áhuga á því sem mér finnst vera brýn samfélagsmál; menntun, nýsköpun og jafnrétti, og reyni að gera eins mikið gagn á þeim sviðum og mér mögulega er unnt.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Ég tek þátt í þriggja vikna dagskrá núna í Bandaríkjunum sem er full af áhugaverðum fyrirlestrum. Þannig er að bandaríska sendiráðið á Íslandi tilnefndi mig í það sem kallast International Visitor Leadership Program, til að taka þátt í þessari dagskrá sem nú er í gangi vítt og breitt um Bandaríkin. Af þeim konum sem voru tilnefndar alls staðar að úr heiminum valdi bandaríska utanríkisráðuneytið svo 50 konur til að hittast og ferðast saman um Bandaríkin, þar sem við vinnum saman að verkefnum sem öll tengjast valdeflingu kvenna í gegnum menntun, rannsóknir, listir og vísindi.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Á venjulegum morgnum á Íslandi þarf auðvitað að vekja unglinga og fara út með hundinn og síðan fer ég í ræktina. Eftir ræktina og morgunverkin skutla ég manninum mínum fyrst í Borgartúnið, þar sem við fáum okkur stundum kaffi á Te og kaffi ef mér tekst að vera tilbúin á skikkanlegum tíma, og keyri svo þaðan í vinnuna.

*Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?*

Þar sem ég tek við nýju starfi fljótlega er ég að lesa efni sem tengist því, nánar tiltekið langa og góða skýrslu sem heitir Máltækni fyrir íslensku 2018-2022 – Verkáætlun. Þá er ég að lesa bók sem ég keypti í Charleston í Suður-Karólínufylki Bandaríkjanna, Before freedom, when I just can remember, sem er samantekt 27 frásagna fyrrverandi þræla í fylkinu.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar sem þú horfir fram á í starfinu?*

Í nýju starfi, sem framkvæmdastjóri Almannaróms, ber ég ábyrgð á framkvæmd verkáætlunar um Máltækni fyrir íslensku 2018-2022 en það sem heillaði mig við það starf voru einmitt áskoranirnar. Ég þrífst ekkert sérstaklega vel í kyrrstöðu.

Framtíð tölvunotkunar er samofin máltækni enda er tungumálið notað meira og meira í samskiptum við tækin sem við nýtum daglega, og tæki notuð sífellt meira til að vinna með tungumálið. Þannig að það er einstaklega mikilvægt fyrir lítil málsamfélög að nota tæknina, og getur bókstaflega ráðið úrslitum um það hvort lítil málsamfélög eins og íslenska lifa þessar tæknibreytingar af. Þannig að mín stærsta áskorun er að sjá til þess að íslenska eigi framhaldslíf í stafrænum heimi, enda yrði það mjög dýrkeypt samfélaginu ef svo yrði ekki.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér á stöðu íslenskunnar á komandi árum?*

Með Máltækniáætluninni verður fjárfest í tækniþróun sem eykur samkeppnishæfni atvinnulífsins, samfélagsins og tungumálsins. Ég er því bjartsýn á stöðu íslenskunnar, við erum að tryggja að hún verði með í nýrri tækni og hluti af samfélaginu okkar til framtíðar.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Mig hefði langað að verða annað hvort verkfræðingur eða tölvunarfræðingur, ég hef gaman af því að búa til og þróa nýja hluti.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Vonandi búin að hlaupa fleiri en eitt maraþon, ganga á Kilimanjaro og keyra í gegnum Afríku með manninum mínum, og læra tvö tungumál í viðbót. Ég set mér einhver ný markmið á hverju ári, einhvers konar áramótaheit. Það má þá segja að þetta séu áratugaheit. Er það ekki ágætis markmið?



**Jóhanna Vigdís segist vona að hún verði búin að hlaupa fleiri en eitt maraþon eftir tíu ár.** MYND/ÚR EINKASAFNI

### Helstu drættir

**Nám:**
AMP frá IESE Business School, MBA frá Háskólanum í Reykjavík, MSc í menningarfræði frá Edinborgarháskóla og BA í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri Almannaróms, Máltækniáætlunar 2018-2023
Framkvæmdastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík 2013-2018
Forstöðumaður markaðs- og samskiptasviðs HR 2011-2013
Framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík 2008-2010
Forstöðumaður fjárfestatengsla og markaðsmála hjá Straumi fjárfestingarbanka 2005-2008.

**Fjölskylduhagir:**
Gift Riaan Dreyer, forstöðumanni hugbúnaðarþróunar hjá Arion banka og eigum saman fjögur börn, Líbu, Emil, Sebastiaan og Nicholu, og hundinn Lottu.

# Að búa í haginn fyrir næstu niðursveiflu



**Dagný Franklínsdóttir**
forstöðumaður viðskiptastýringar Creditinfo

Bandaríski fjárfestirinn Howard Marks skrifaði eitt sinn frægt minnisblað um hagsveiflur og eðli þeirra. Í minnisblaðinu, sem bar titilinn „You can't predict – you can prepare“, fjallar hann um hvernig fjárfestar ættu að nálgast hagsveiflur og hversu lítið gagn er að því að reyna að spá fyrir um þær. Það eina rétta í stöðunni að hans mati er að viðurkenna tilvist þeirra og búa í haginn til að vera ekki berskjaldaður fyrir þeim. Þú getur illa spáð fyrir um kreppurnar en þú getur búið þig undir þær.

Nú þegar tíu ár eru liðin frá fjármálahruninu er vel þess virði að huga að einmitt þessu – hvernig hægt er að búa í haginn fyrir óhjákvæmilegar niðursveiflur. Eitt af því mikilvægasta sem stjórnendur fyrirtækja geta gert í þessu tilliti er að afla sér verðmætra gagna til að geta greint núverandi stöðu eins vel og kostur er og þannig búið sig undir næstu niðursveiflu.

Það þekkja það allir sem reka fyrirtæki að ráðdeild í rekstri með takmarkaðri skuldsetningu og góðu skipulagi er eitt það allra besta sem hægt er að gera til að standa af sér stormviðri hagsveiflna. En hvað er fleira til ráða þegar kemur að undirbúningi fyrir ytri áföll í rekstri? Ein góð leið til þess er að greina eins vel og mögulegt er alla þá viðskiptavini og birgja sem fyrirtæki skiptir við með það fyrir augum að skilgreina hverjar áhætturnar eru í viðskiptasafninu og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku og auknum stöðugleika.

> **Skynsamlegasta sem fjárfestar geta gert til að standa af sér niðursveiflur er að þekkja núverandi stöðu eins vel og kostur er á.**

**Upplýst ákvarðanataka**

Með réttu gögnunum er þetta á færi allra fyrirtækja, ekki bara þeirra sem hafa efni á sérfróðu starfsfólki í áhættustýringu. Hægt er til dæmis að draga fram í hvaða geirum fyrirtækið á í mestum viðskiptum til að meta hversu berskjaldað viðskiptasafnið er fyrir breytingum í ákveðnum atvinnugreinum. Til dæmis segir það sig sjálft að ef ferðaþjónustufyrirtæki eru stór hluti af viðskiptasafni fyrirtækis, þá er reksturinn að einhverju leyti berskjaldaður fyrir sveiflum í þeim geira. Að sama skapi er mikilvægt að draga fram fyrirtæki í viðskiptasafninu sem standa höllum fæti. Þar getur lánshæfismat fyrirtækja gefið sterkar vísbendingar því lánshæfismat metur líkurnar á því að fyrirtæki fari í vanskil. Þannig er hægt að lágmarka tapaðar kröfur og afskriftir og koma í veg fyrir að ófarir annarra fyrirtækja hafi áhrif á eigin fyrirtækjarekstur.

Miklu máli skiptir að hafa eins djúpt yfirlit upplýsinga um fyrirtæki í viðskiptasafninu og völ er á en það er ekki síður mikilvægt að geta aflað slíkra upplýsinga þegar ný fyrirtæki koma í viðskipti. Ársreikningar þeirra, lánshæfiseinkunn, eignatengsl og orðspor í fjölmiðlum er á meðal þeirra gagna sem geta komið þínu fyrirtæki skrefinu lengra í skilvirkri áhættustýringu með það að marki að auka stöðugleika í rekstri og lágmarka áhættuna á ófyrirséðum afleiðingum ytri áfalla.

**Hvar stendur þitt fyrirtæki?**

Í áðurnefndu minnisblaði Howards Marks talaði hann um að það skynsamlegasta sem fjárfestar geta gert til að standa af sér niðursveiflur er að þekkja núverandi stöðu eins vel og kostur er á. Þegar fjárfestar vita hvar þeir standa í hagsveiflunum þá geta þeir annaðhvort aukið eða dregið úr áhættu eftir því hvernig viðrar hverju sinni. Það sama gildir um stjórnendur fyrirtækja. Ef þeir hafa ekki ítarleg gögn um stöðu viðskiptavina sinna þá eiga fyrirtæki þeirra á hættu að verða jafn veikburða og veikasti hlekkurinn í viðskiptasafni þeirra. Ef þeir hins vegar þekkja stöðu sinna viðskiptavina og átta sig á því hvort fyrirtæki þeirra sé berskjaldað fyrir ytri áföllum þá geta þeir brugðist við niðursveiflum með skynsamlegum og ábyrgum hætti.

EPSON® EXCEED YOUR VISION
Teikningaprentarar
Fyrir arkitekta og verkfræðinga
Ný kynslóð SureColor T




Hagstætt verð - frá kr. 189.000,-
Lægri rekstarkostnaður
Hagkvæm og umhverfisvæn prentun
Hraðvirkir - A1 allt að 22 sek.
Stór snertiskjár
Prenta á rúllur og arkir
Þráðlaus prentun - margir tengimöguleikar
Með eða án stands - fyrir borð eða á gólf
Vatnsþolið pigment-blek - meiri ljósfesta
H. PÁLSSON
Söluaðili EPSON stórformatsprentara
H. Pálsson - Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík - www.hpalsson.is Sími: 577 7777




# Tryggðu þér SsangYong ánægju á lægra gengi

Neytendamiðillinn Honest John vinnur að hagsmunamálum neytenda á Bretlandi. Árlega stendur Honest John fyrir ánægjukönnun á breska bílamarkaðnum; „The Honest John Satisfaction Index". Úrslit hennar ráðast af dómi eigendanna sjálfra. Einkunnargjöf þeirra tekur mið af aksturseiginleikum, hagkvæmni í rekstri og áreiðanleika. Í ár komu 10.000 bíleigendur að valinu. Hún leiddi m.a. í ljós að langflestir SsangYong eigendur gáfu bílunum sínum hæstu einkunn.

**SsangYong toppaði því á bresku ánægjuvoginni – það getur ekki verið tilviljun.**

SsangYong toppar í breskri ánægjuvog

SSANGYONG

**Verið velkomin í reynsluakstur á SsangYong** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Skotsilfur

### Tengsl WOW og Arion



Tiltölulega þröngur hópur fólks kom að viðræðum Icelandair Group og WOW air í húsakynnum KPMG í Borgartúni um helgina. Sérfræðingar KPMG, sem er endurskoðandi beggja félaga, tóku þátt í viðræðunum og þá komu starfsmenn Arion banka og Arctica Finance einnig að málum. Skúla Mogensen til halds og trausts var meðal annars **Ólafur Höskuldsson**, framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Títans, sem er í eigu Skúla og heldur utan um eignir hans í WOW air. Svo skemmtilega vill til að hinum megin við borðið sátu starfsmenn lánardrottins flugfélagsins, Arion banka, sem er einmitt stýrt af föður Ólafs, Höskuldi Ólafssyni.

### Aukinn áhugi



Áhugi á forstjórastarfi Icelandair Group ætti ef að líkum lætur að aukast í kjölfar þess að tilkynnt var um kaup flugfélagsins á helsta keppinautnum, WOW air. Í stað þess að stýra einu flugfélagi mun enda nýr forstjóri hafa yfirumsjón með tveimur langsamlega stærstu flugfélögum landsins. Þá er ljóst að verkefni nýs forstjóra samstæðunnar verða nokkuð breytt frá þeim verkefnum sem fyrri forstjórar glímdu við. Endurskipuleggja þarf rekstur WOW air frá grunni og taka verulega til í leiðakerfum félaganna beggja. **Úlfar Steindórsson**, stjórnarformaður Icelandair Group, og kollegar hans í stjórn eiga vandasamt verk fyrir höndum.

### Óánægja í Eik



Nokkurrar óánægju gætir í hluthafahópi Eikar fasteignafélags vegna þeirra áherslubreytinga sem stjórnendur félagsins kynntu fyrr í sumar og felast í því að leita í auknum mæli fjárfestinga erlendis. Sem kunnugt er féll félagið frá þátttöku sinni í breskum framtakssjóði, sem átti einkum að fjárfesta í lagerhúsnæði í Bretlandi, eftir að hluthafar höfðu lýst efasemdum sínum um áformin. Málið þykir hið vandræðalegasta fyrir **Garðar Hannes Friðjónsson** forstjóra og hefur jafnframt vakið ýmsar spurningar um stöðu hans í forstjórastólnum.

## Búist við áframhaldandi sveiflum á olíuverði



Óvissa ríkir á meðal verkamanna á olíuborpöllum í Persaflóa vegna viðskiptaþvingana Bandaríkjanna gagnvart Íran sem tóku gildi á mánudag. Þvinganirnar taka meðal annars til olíuviðskipta og er talið sennilegt að minni olíuútflutningur af hálfu Írans muni stuðla að hærra verði á heimsmörkuðum. Verð á Brent-Norðursjávarolíu hefur lækkað um 15 prósent eftir að hafa náð toppi í byrjun síðasta mánaðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hverjir bera ábyrgð á virkni fjármálamarkaða?



**Íris Arna Jóhannsdóttir**
forstöðumaður Skipulagsþróunar Kviku

Mikil vitundarvakning hefur orðið á undanförnum árum um samfélagsábyrgð fyrirtækja og fjárfesta. Í mars síðastliðnum birtu kauphallir Nasdaq á Norðurlöndum til dæmis sameiginlegar leiðbeiningar fyrir fyrirtæki um birtingu upplýsinga um umhverfismál, samfélagslega þætti og stjórnarhætti, svokölluð ESG-viðmið (e. Environmental, Social, Governance). Leiðbeiningunum er ætlað að hjálpa fyrirtækjum að koma til móts við auknar kröfur fjárfesta og samfélagsins um birtingu upplýsinga er varða samfélagsábyrgð. En hvar liggur samfélagsábyrgð aðila á fjármálamarkaði, eins og banka, fyrst og fremst?

Árið 1858 lýsti William Gladstone, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, mikilvægi fjármálakerfisins fyrir hagkerfið með eftirfarandi orðum: „Finance is, as it were, the stomach of the country, from which all the other organs take their tone.“ Þessi lýsing á jafn vel við í dag og lýsir því að fjármálamarkaðir eru mikilvægur hluti innviða samfélaga. Þeir eru vettvangur þar sem hugmyndir eru fjármagnaðar. Án fjármálamarkaða er erfitt að taka lán til húsnæðiskaupa eða fjármagna rekstur fyrirtækja. Fjármálamarkaðir eru því ein af mikilvægu grunnstoðum hagkerfisins. Eins og fjallað hefur verið um í fyrri greinum á vegum Kviku eru vísbendingar um að virkni markaða hafi farið minnkandi á undanförnum árum, sem er töluvert áhyggjuefni. Velta er einn mælikvarði á viðskiptavilja markaðsaðila. Fleiri viðskipti, og þar með aukin velta, gefa til kynna fjölbreyttari skoðanaskipti markaðsaðila og virka verðlagningu á áhættu. Ef áhætta er verðlögð of lágt verður ráðist í of margar fjárfestingar, sem líklegt er að gangi illa með tilheyrandi tjóni. Ef áhætta er hins vegar verðlögð of hátt verður ráðist í of fáar fjárfestingar, sem leiðir til tapaðra tækifæra.

En bætt virkni markaða er ekki aðeins hagsmunamál fjármálafyrirtækja. Stærstur hluti sparnaðar landsmanna liggur í lífeyrissjóðum landsins, sem eru meðal stærstu þátttakenda á íslenskum fjármálamarkaði. Skilvirkni og raunhæft áhættumat markaða er því ekki síður hagsmunamál almennings en aðila á fjármálamarkaði.

Í ESG-leiðbeiningum kauphallarinnar er að finna góða og gilda mælikvarða er lúta að samfélagsábyrgð. Án þess að draga með nokkrum hætti úr mikilvægi þeirra þátta sem þar koma fram er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki eru í misgóðri stöðu til að hafa áhrif á samfélagið. Sem dæmi eru álfyrirtæki með ríkari skyldur á sviði umhverfismála en til dæmis bankar. Það er því mikilvægt að fyrirtæki gleymi sér ekki við að haka í ESG-boxin með því að flokka rusl, prenta á báðar hliðar og gefa reglulega til góðgerðarmála. Mikilvægt er að fyrirtæki hugi einnig að því hvar sérstaða og hlutfallslegir yfirburðir þeirra liggja hvað varðar að axla ákveðna samfélagsábyrgð. Bankar og aðrir þátttakendur á fjármálamarkaði eru þeir aðilar sem eru í lykilstöðu að leita leiða til að bæta og viðhalda virkni markaða. Samfélagsábyrgð þessara aðila ætti því að stórum hluta að snúast um heilbrigði og uppbyggingu fjármálamarkaða.

Kvika gerir sér grein fyrir því að bankinn getur haft einna mest áhrif á samfélagið með því að beita sér á þeim sviðum sem tengjast starfsemi bankans. Í samfélagsstefnu bankans er því lögð sérstök áhersla á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða. Bankinn vinnur í því sambandi að því að leita leiða til að virkja betur fjárfesta hér á landi, með þróun fjölbreyttari fjárfestingarkosta fyrir þá sem nú þegar eiga hlut að verðbréfamörkuðum sem og nýja fjárfesta. Fellur slík áhersla vel að nýtilkynntu gildi bankans um langtímasýn, sem verður leiðarljós bankans í ákvarðanatöku fram á við.

# Þjóðsagan um „leiguþak“



**Sölvi Blöndal**
efnahagsráðgjafi GAMMA Capital Management

Undanfarin misseri hefur umræða um húsnæðismál verið ofarlega á baugi og mismunandi skoðanir á því hvers vegna staðan sé eins og hún er og hvert beri að stefna. Flestir eru þó sammála um að síðustu ár hafi einkennst af skorti á framboði á nýju húsnæði.

Í fréttatíma Ríkisútvarpsins þann 30. nóvember síðastliðinn sagði Ásmundur Einar Daðason, félags- og húsnæðismálaráðherra, að verið væri að skoða svokallað „leiguþak“ í ráðuneytinu. Innan hagfræðinnar eru lagaúrræði til að knýja fram verðlækkanir á markaði og afleiðingar þeirra vel þekkt og vel rannsökuð.

Meginafleiðing slíkrar lagasetningar er jafnan skortur á viðkomandi vöru. Leiguþak myndi leiða til þess að sumir íbúðaeigendur myndu selja íbúðir frekar en að leigja þær og fjárfestar myndu hætta við að fjárfesta í íbúðarhúsnæði til útleigu. Draga myndi úr nýframkvæmdum á íbúðahúsnæði. „Leiguþak“ myndi þannig auka skort á leiguhúsnæði á sama tíma og húsnæðisskortur er í sögulegu hámarki.

Reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt að „leiguþak“ bitnar sérstaklega illa á ungu fólki og innflytjendum sem hyggja á búsetu.

> **Reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt að „leiguþak“ bitnar sérstaklega illa á ungu fólki og innflytjendum.**

Hið svokallaða „leiguþak“ gerir því núverandi vanda húsnæðismarkaðarins erfiðari viðfangs. Það þarf því ekki að koma á óvart að flestar þjóðir sem innleitt hafa hið svokallaða „leiguþak“ hafi leitað leiða til að afnema það. Því miður hefur reynslan sýnt að erfitt getur verið að vinda ofan af illa ígrunduðu kerfi eftir að það kemst á.

Húsnæðismál eru vandasamt viðfangsefni og mikilvægt að stjórnvöld vandi alla stefnumótun og hafi samráð við þá aðila sem að málinu koma, meðal annars sveitarfélög, framkvæmdaraðila, fjármálastofnanir og fleiri. Það kann ekki góðri lukku að stýra að endurtaka mistök annarra þjóða.

# Vissir þú að…

## … Oddi býður upp á mikið úrval af bréfpokum?

### Sérframleiddir bréfpokar sem henta þínum rekstri

- Sérsniðnar stærðir
- Sérframleiddir pokar fyrir ákveðnar þyngdir
- Prentun með þinni hönnun (heil eða hluta prentun)
- Mismunandi efnisval og þykktir
- Val á milli flatra eða snúnings handfanga
- Handföng sérstaklega innsigluð á innra yfirborði til að auka styrk



### Í umbúðaverslun Odda

er hægt að nálgast fjölbreytt úrval af bréfpokum í ýmsum stærðum og litum.
Auk þess má finna helstu stærðir af kössum, öskjum og öðrum umbúðum sem og fjölbreytt úrval af rekstrarvörum.

**Höfðabakki 7**
**Opið alla virka daga frá kl. 08.00 til 16.00.**
**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar í síma 515 5000 · www.oddi.is**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 7. nóvember 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

## Hraða þarf för

**Óhætt er að segja** að tíðindi vikunnar séu kaup Icelandair á WOW air sem tilkynnt var um á mánudag. Ljóst er að markaðurinn tók þeim fréttum vel en öll skráð félög hækkuðu við tíðindin, að Sýn undanskildu.

**Skyldi engan undra** enda hefur framtíð WOW hangið sem myllusteinn yfir markaðnum undanfarin misseri. Vissulega kom nokkur ró yfir þegar skuldabréfaútboði WOW lauk í september, en marga grunaði að það yrði skammgóður vermir. Bág lausafjárstaða, gríðarleg samkeppni með tilheyrandi lágum fargjöldum og hátt olíuverð urðu félaginu að falli að endingu. Eins og margir bjuggust við.

**Stjórnvöld og fjárfestar** geta því andað léttar nú þegar Icelandair hefur bjargað deginum. Dregin hafði verið upp dökk mynd af mögulegu falli WOW. Til skamms tíma yrði það til þess að bakslag yrði í ferðamannastraumi til landsins og enn frekari veiking krónunnar. Í ofanálag er WOW stór vinnuveitandi og afleidd störf fjölmörg til viðbótar.

**Þó ber að hafa í huga** að ekki er sopið kálið þótt í ausuna sé komið. Kaupin eru ekki komin í gegn og eru tilkynnt með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki samkeppnisyfirvalda. Ljóst má vera að ýmislegt getur komið upp við áreiðanleikakönnunina og álitaefni við skoðun Samkeppniseftirlitsins eru sömuleiðis mörg og flókin. Einnig kann að vera að koma þurfi til kasta Evrópska samkeppniseftirlitsins sé að marka fréttaflutning en slíkt flækir auðvitað mál enn frekar.

**Tilkynning um kaupin** bendir sömuleiðis til þess að málið hafi borið brátt að og athygli vekur að endurgjald fyrir hlutafé WOW getur orðið að engu gangi forsendur ekki upp. Það rennir stoðum undir þann grun að kaupandinn hafi ekki haft mikinn tíma til yfirlegu áður en tekið var í gikkinn.

**Því má heldur ekki gleyma** að WOW verður rekið í óbreyttri mynd þar til hægt verður að aflétta fyrirvörum og fullklára kaupin. Þá vaknar spurning um lausafjárstöðu WOW og hversu lengi er hægt að reka félagið. Ef samkeppnisyfirvöld og ráðgjafar Icelandair hraða ekki för er nefnilega hætt við að um kaup á eignum verði að ræða frekar en á félaginu sjálfu.




# Tekjur minnkuðu um milljarð

Tekjur Opinna kerfa drógust saman um tæpan milljarð á milli ára og námu fjórum milljörðum árið 2017. Um er að ræða 19 prósenta samdrátt í tekjum.

Upplýsingatæknifyrirtækið tapaði 73 milljónum króna í fyrra samanborið við 51 milljónar króna hagnað árið áður. Aðaleigandi Opinna kerfa er Frosti Bergsson stjórnarformaður með 77 prósenta hlut.

EBITDA Opinna kerfa – rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – nam 1,5 milljónum króna árið 2017 borið saman við 152 milljónir króna árið áður.

Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins var 6 prósent við árslok og var eigið fé 91 milljón króna. Árið áður var eiginfjárhlutfallið 10 prósent. Stöðugildum fækkaði um tvö milli ára og voru 89 árið 2017. Fyrirtækið var stofnað árið 1985. – **hvj**



**Frosti Bergsson, stjórnarformaður Opinna kerfa.**

**06.10.2018**

**Síðustu 72 klukkustundir hafa verið einhverjar þær erfiðustu í mínu lífi þar sem ég þurfti að taka ákvörðun um framtíð WOW air á verulega erfiðum tímum.**

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air





Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur



**Brittany Dinkins fór á kostum í sigri Keflavíkur á Breiðabliki í síðustu umferð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Toppslagur suður með sjó

**KÖRFUBOLTI** Domino's-deild kvenna í körfubolta hefur verið ansi jöfn og spennandi það sem af er vetri. Sjöunda umferð deildarinnar fer fram í kvöld, en til marks um það hversu spennandi deildin hefur verið á yfirstandandi leiktíð endaði enginn leikur í síðustu umferð með meira en 10 stiga mun og þá hefur Snæfell farið í fjórar framlengingar í fyrstu sex leikjum sínum á leiktíðinni.

KR, nýliði í deildinni, er ásamt Snæfelli á toppi deildarinnar, en liðið sækir Keflavík, sem andar ofan í hálsmálið á toppliðunum, heim í kvöld. Hin unga Ástrós Lena Ægisdóttir sem fengið hefur það verkefni hjá KR-liðinu að halda leikstjórnendum andstæðinganna í skefjum fær ærið verkefni í þeim leik. Hún tekst þá á við Brittany Dinkins sem skoraði 51 stig í sigri Keflavíkur gegn Breiðabliki í síðustu umferð.

Valur, sem hefur ekki gengið jafn vel og vonir stóðu til það sem af er vetri, fær tækifæri til þess að nálgast Snæfell þegar liðin mætast í Stykkishólmi. Til þess að bregðast við slakri byrjun létu Valsmenn bandaríska leikmanninn sinn, Brooke Johnson, fara um síðustu helgi og fengu í hennar stað Heather Butler í upphafi vikunnar. Það er spurning hvort þessi skipti verði til þess að hressa upp á spilamennsku Hlíðarendaliðsins.

Skallagrímur og Haukar sem hafa jafn mörg stig fyrir umferðina og eru rétt fyrir neðan sæti í úrslitakeppni leiða saman hesta sína í Borgarnesi. Liðin eru fjórum stigum frá efstu fjórum liðum deildarinnar og þurfa nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda draumnum um sæti í úrslitakeppninni innan seilingar.

Liðin töpuðu bæði á sárgrætilegan hátt í síðasta leik sínum í deildinni, en Borgnesingar töpuðu naumlega fyrir KR og Haukar eftir framlengingu gegn Snæfelli. Lele Hardy hefur gert sitt besta til þess að fylla skarðið sem Helena Sverrisdóttir skildi eftir sig hjá Hafnarfjarðarliðinu og Þóra Kristín Jónsdóttir hefur lagt sín lóð á vogarskálina.

Blikar sem eru enn í leit að sínum fyrsta sigri í vetur halda í Garðabæinn og freista þess að sækja sín fyrstu stig. Blikar urðu fyrir áfalli í síðustu viku þegar í ljós kom að Isabella Ósk Sigurðardóttir hafði slitið krossband. Til þess að bregðast við því fengu Kópavogskonur í sínar raðir króatíska framherjann Sönju Orozovic til þess að auka hæðina inni í vítateignum. Stjarnan stefnir hátt á tímabilinu og sigur í þessum leik heldur liðinu við toppsætið. – **hó**








†

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Magnús Guðjónsson**

Neskaupstað,

andaðist á sjúkrahúsinu í Neskaupstað föstudaginn 2. nóvember.
Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 10. nóvember kl. 14.

**Sveinbjörg Guðjónsdóttir** **Egill Birkir Stefánsson**
**Anna Guðrún Guðjónsdóttir** **Þorsteinn Kristjáns Jóhannsson**
**og fjölskyldur.**



†

Okkar elskaði

**Brynjar Berg Guðmundsson**

lést hinn 29. október.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 8. nóvember klukkan 15.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja sýna litlu börnunum hans og unnustu stuðning er bent á styrktarreikning 0326-26-003131, kt. 021283-3399.

**Kristín Sif Björgvinsdóttir**
**Heiðar Berg Brynjarsson** **Sara Björg Brynjarsdóttir**
**Anna Einarsdóttir** **Gísli Gíslason**
**Íris Guðmundsdóttir**
**Soffía Guðmundsdóttir** **Pétur Þór Guðjónsson**
**Guðmundur V. Guðsteinsson** **Svava B. Svavarsdóttir**
**Sunna Líf Stefánsdóttir** **Jón Hall Ómarsson**
**Brynja Gestsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, stjúpföður og afa,

**Kristjáns Runólfssonar**

Arnarheiði 16, Hveragerði.

**Ragnhildur Guðmundsdóttir**
**Jóhann Þór Kristjánsson** **Olga Hinriksdóttir**
**Gunnar Páll Kristjánsson** **Laufey Andersen**
**Sigurður Örn Kristjánsson**
**Guðmundur Óli Ómarsson** **Hrefna Grímsdóttir**
**Hugrún Ómarsdóttir** **Sigfús Þór Sigurjónsson**
**Eiríkur Einar Egilsson** **Guðrún V. Sigmundsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, dóttir og systir,

**Kristrún Sæbjörnsdóttir**

sem lést af slysförum miðvikudaginn 31. október síðastliðinn, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 9. nóvember klukkan 13.

**Frank Norman Eyþórsson**
**Safír Steinn Valþórsson**
**Sæbjörn Helgi Magnússon**
**Róshildur Jónsdóttir** **Eyþór Ingólfsson**
**Björn Sæbjörnsson** **Anna Sólrún Pálmadóttir**
**Stefán Óli Sæbjörnsson** **Edda Hrund Halldórsdóttir**
**Ingunn Eyþórsdóttir** **Nói Steinn Einarsson**
**og fjölskylda.**



†

Okkar ástkæri faðir, afi og bróðir,

**Sigbjörn Jónsson**

lést 1. nóvember.

**Arna Sigbjörnsdóttir** **Jakob Magnell**
**Kasper Magnell Örnuson**
**Jón Sigbjörnsson**
**Anna Vigdís Jónsdóttir**
**Sigurlaug Jónsdóttir**
**Sverrir Jónsson**
**og fjölskyldur.**



**„Afasystir mín var ein af þeim 40 sem leituðu í fjárhús í Virki, syðst í sveitinni. Hún leiddi bróður sinn sem hún var svo hrædd um að missa. Þau heyrðu í flóðinu en sáu lítið vegna öskufalls,“ segir Guðrún Gísladóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Reiðarslög og jakaburður

## Á Kötlukvöldi Skaftfellingafélagsins í Breiðfirðingabúð 8. nóvember mun Guðrún Gísladóttir landfræðingur lýsa aðstæðum fólks í Álftaveri í Kötlugosinu fyrir 100 árum.

Hvað getum við lært af fyrri kynslóðum?“ er yfirskrift erindis Guðrúnar Gísladóttur landfræðings á Kötlukvöldi sem Skaftfellingafélagið í Reykjavík heldur í Breiðfirðingabúð annað kvöld klukkan 20. Auk hennar ætlar Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur að ræða þar um Kötlugosið 1918 og jökulflóðið sem því fylgdi, í máli og myndum og eftir kaffihlé mun hann lítillega fjalla um hvað er að gerast í Öræfajökli.

Ég hitti Guðrúnu um hádegisstund í Öskju, jarðvísindadeild HÍ í Vatnsmýrinni. Hún er Álftveringur að uppruna, var í Þykkvabæjarklaustri í sex sumur og hefur fengið sögur um Kötlu gömlu beint í æð, meðal annars frá afa sínum sem upplifði Kötlugosið 1918.

> **Verst var hugarangrið yfir að vita ekki hvernig fólkinu hefði reitt af niðri í sveitinni.**

Guðrún segir flesta bændur í Álftaveri hafa vaknað í gangnamannakofa við Atley 12. október 1918, daginn sem Katla gaus síðast. Þeir hefðu verið í seinni göngum inni á afrétti. „Tveir menn ráku féð af stað í Fossarétt sem var ofan við ána Skálm, aðrir fóru að smala Rjúpnafell sem stendur stakt á sandinum. Nokkrir héldu svo af bæjunum upp í rétt en heima voru gamalmenni, konur og börn. Veður var gott en móða yfir jöklinum og skyggni slæmt þangað,“ lýsir hún.

Annar þeirra bænda sem ráku safnið fram sandinn varð fyrstur gossins var, að sögn Guðrúnar. Sá hét Vilhjálmur og var frá Herjólfsstöðum. „Að honum sótti kuldi svo hann hljóp upp á hæð til að ná í sig hita. Þaðan varð honum litið til jökulsins og sá hvað var á seyði. Hann hljóp til félaga síns og sagði stutt og laggott að Katla væri að koma. Þeir þeystu af stað til að aðvara hina sem þeir vissu af á sandinum. Síðustu smalarnir voru í 40 til 50 metra fjarlægð frá vatnselgnum þegar þeir sluppu upp á hól rétt við Skálmabæjarhraun, eina bæinn í sveitinni sem stóð ofan við Skálm. Þaðan horfðu þeir á strauminn rúlla gróðrinum upp eins og pönnukökum. Þeir héldu til í fjárhúsi um nóttina, ásamt heimafólki, samtals var þar um 20 manns. Engum varð svefnsamt því mikið gekk á, óskapleg reiðarslög, beljandi niður og jakaburður. Verst var hugarangrið yfir að vita ekki hvernig fólkinu hefði reitt af niðri í sveitinni.“

Guðrún segir á annað hundrað manns hafa búið í Álftaveri á þessum tíma. „Enginn fórst í þessum hamförum, því allir brugðust rétt við, hvar sem þeir voru staddir og allt virðist hafa gengið fumlaust. Sveitungarnir þurftu ekki að segja annað en „Katla er að koma“. En það voru sjö fjölskyldur sem fluttu burt eftir gosið enda varð mun óbyggilegra í sveitinni á eftir.“ **gun@frettabladid.is**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Gunnarsson**

matreiðslumeistari,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 25. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Svava Bernhard Sigurjónsdóttir** **Vilhjálmur Vilhjálmsson**
**Gunnar Halldór Sigurjónsson** **Guðrún Anna Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ragnar Þóroddsson**

til heimilis á Dvalarheimilinu í Stykkishólmi,

lést á sjúkrahúsi Stykkishólms 28. október 2018. Jarðsungið verður frá Akraneskirkju mánudaginn 12. nóvember og hefst athöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi, kt. 620269-7009, banki 0309-13-209020.

**Aðstandendur.**



†

Elskuleg móðir okkar og amma,

**Halldóra Edda Jóhannsdóttir**

húsmóðir,
Skólatúni 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. nóvember klukkan 13.00.

**Ásdís Magnúsdóttir**
**Arndís Magnúsdóttir**
**Guðrún Dís Magnúsdóttir** **Snorri Gíslason**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**395** kr. kg

**Blómkál og Spergilkál**
Holland



**359** kr. kg

**Paprika**
Rauð, Holland

**NÝ UPPSKERA**
frá Tyrklandi



**279** kr. kg

**Sítrónur**
Tyrkland



**259** kr. kg

**Perur**
Holland



**398** kr. kg

**Kaki**
Spánn

**NÝ UPPSKERA**
frá Frakklandi



**279** kr. kg

**Gul, rauð eða græn Epli**
Frakkland

200g




**298** kr. 200 g

**Spínat**
200 g, Ítalía

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **11. nóvember** eða meðan birgðir endast.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Gengur í austanstorm með úrkomu. Slydda eða hríðarveður víða til fjalla seinnipartinn. Hvassast syðst og NV til og talsverðar vindhviður við fjöll. Hiti 1 til 6 stig, en sums staðar vægt frost N-lands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 5° |
| ↖8 | ↙4 | ↖4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 6° | 2° |
| ↖7 | ←7 | ↑15 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 4° |
| ←7 | ←4 | ↓3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 8° | 2° |
| ↖9 | ←11 | ↖13 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 6 | 7 | | | | | | 5 |
| | | 3 | | | 7 | | 2 | |
| | 7 | | | 8 | 2 | 5 | | |
| 1 | | | 4 | | | 7 | | |
| 3 | | 4 | 7 | | | 8 | | |
| | | 1 | | 6 | 3 | 2 | | 7 |
| | | 8 | | 2 | | 4 | 5 | |
| | | | | | | 3 | 9 | 1 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 2 | | 1 | | | 6 | 5 |
| 7 | | 4 | | 5 | | | 1 | |
| | | 6 | 8 | | | | | 2 |
| | | | 9 | 4 | | | | 1 |
| | 6 | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 3 | 8 | | 2 | |
| 8 | | | 3 | | | | 5 | |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| | 4 | 9 | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | | | 9 | | 8 | |
| | | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | 9 | | | 1 | |
| | | 2 | | | | | | 9 |
| | | | 3 | | 7 | | | |
| | | 4 | | 6 | 8 | | | |
| | | | 2 | 3 | | 8 | | |
| | 7 | | 9 | | 5 | | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. áþekkur
5. sóða
6. í röð
8. djöfsi
10. tveir eins
11. málmur
12. ær
13. land
15. sólblossi
17. tíund

**LÓÐRÉTT**
1. sælgæti
2. áhrif
3. frostskemmd
4. röndin
7. tengjast
9. nísta
12. steinlím
14. blóm
16. pot



**LÁRÉTT:** 1. líkur, 5. ata, 6. áb, 8. kölski, 10. kk, 11. tin, 12. kind, 13. íran, 15. sólgos, 17. skatt.
**LÓÐRÉTT:** 1. lakkrís, 2. ítök, 3. kal, 4. rákin, 7. bindast, 9. stinga, 12. kalk, 14. rós, 16. ot.

## Skák Gunnar Björnsson

Hort átti leik gegn Portisch í Madrid árið 1973.

**1. Hg4+! fxg4 2. Dg5+ Kh8 3. Dh6 1-0.** Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun í Rimaskóla.

**www.skak.is:** HM kvenna hafið.

**Hvítur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



**Davíð Berndsen er mættur til landsins eftir svakalegan Ameríkutúr og verður með einhverja tónlistargjörninga á Vínyl á Hverfisgötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 7. NÓVEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Requiem eftir Victoria
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kristskirkja
Barbörukórinn heldur tónleika í Kristskirkju miðvikudagskvöldið 14. nóvember nk. kl. 20. Requiem (sálumessa) eftir spænska tónskáldið og prestinn Tomás Luis de Victoria (1548-1611) er rómað fyrir dáleiðandi fegurð og einstaklega djúpa túlkun á texta sálumessunnar. Verkið, sem er í sex röddum, var samið fyrir útför spænsku keisaraynjunnar Maríu sem lést 1603.

**Hvað?** Iceland Airwaves – Bryggjan Brugghús
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarði
Síðastliðin þrjú ár hefur verið glæsileg off-venue dagskrá á Bryggjunni en í ár verður kvölddagskráin í Bruggsalnum formlegur partur af Iceland Airwaves og Bryggjan því svokallað official venue í fyrsta sinn. Í kvöld spila Helgi, Teitur Magnússon, Bodypaint, Árni Vil, Ingibjörg Turchi og Madonna+Child.

**Hvað?** Berndsen á klakanum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vínyll, Hverfisgötu
Berndsen er á klakanum og verður með tónlistargjörning á Vínyl.

### Viðburðir

**Hvað?** Sigríður Hjálmarsdóttir um Biblíuna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Hvaða minningar á Sigríður Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri um Biblíuna? Hvernig metur hún gildi hennar? Áhrifasaga Biblíunnar er mikilfengleg. Hvað í Biblíunni skiptir nútímafólk máli og hvað gegnir hlutverki í menningu samtíðar?

**Hvað?** Heita, frostfría og kalda gróðurhúsið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Garðskáli Grasagarðsins
Í dag mun Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufræðingur fjalla um hvaða plöntur henta í heitt, frostfrítt eða kalt gróðurhús.

**Hvað?** SEEN zine útgáfupartí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi
SEEN Zine er hugarfóstur Önnu Maggýjar & Júlíu Tómas, bók þar sem viðfangsefnið er ungt og áhugavert listafólk úr öllum áttum. Komið og fagnið útgáfunni með okkur á Bravó miðvikudaginn 7. nóvember kl. 20.00 þar sem fram koma margir af þeim frábæru listamönnunum sem fjallað er um í bókinni.

**Hvað?** Matur og mýtur – opinn fyrirlestur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Heilsuborg, Bíldshöfða
Er gott að fasta og drekka eplaedik? Hér fer Gréta Jakobsdóttir næringarfræðingur yfir algengar ranghugmyndir um mat og mataræði sem lifa góðu lífi, m.a. á netinu og í fjölmiðlum.

**Hvað?** Vinnustofur með erlendum tónlistarráðgjöfum
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** STEF, Laufásvegi
STEF í samstarfi við ÚTÓN heldur tvær vinnustofur með erlendum tónlistarráðgjöfum (e. music supervisors) þann 7. nóvember nk. Vinnustofurnar eru annars vegar kl. 10-12 og hins vegar kl. 14-16 og hver og einn getur bara sótt aðra af þessum vinnustofum.

**Hvað?** Sögustund fyrir yngstu börnin
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Sögustund fyrir yngstu börnin. Lesin verður sagan Maríuhænustelpan og býflugustrákurinn.

**Hvað?** Heimspekispjall – Ábyrgð og traust, refsing og lærdómar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Hannesarholt og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands bjóða til heimspekispjalls undir yfirskriftinni: Ábyrgð og traust – refsing og lærdómar. Frummælendur verða dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu, og dr. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

**Hvað?** Pílagrímagöngur frá Dómkirkjunni á miðvikudögum kl. 18.00
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Dómkirkjan
Örpílagrímagöngur verða frá Dómkirkjunni á miðvikudögum kl. 18.00 í vetur. Göngurnar hefjast með með stuttu helgihaldi í kirkjunni.




# Höfundarins heiðvirða iðja

**BÆKUR**

**Vammfirring**
★★★½☆
**Þórarinn Eldjárn**

**Útgefandi:** Vaka Helgafell/Forlagið
**Fjöldi síðna:** 78

Þórarinn Eldjárn (f. 1949) er meistari í meðferð orða. Hann leikur sér með þau, kryfur þau, setur í nýtt samhengi, smíðar ný úr gömlum, rímar og stuðlar. Það er heiðvirð íþrótt og lastalaus – réttlætanleg sjálfrar sín vegna. Svo einföld eru skilaboð nýjustu ljóðabókar hans eins og titillinn gefur til kynna.

Vammfirring er hugtak sem ekki finnst í íslenskri orðabók. Vamm getur verið galli, löstur eða smán – firring er það sem tekið hefur verið brott sbr. vitfirring, hljóðfirring. Í ljóði sem ber sama heiti og bókin sjálf segir höfundur um málsmíð sína að hún sé ...

*... sífelldlega*
*og sannlega vammi firrð.*

Ljóðin hnitast ekki um tiltekið viðfangsefni. Bókin er því ekki eitt verk heldur nokkur, skiptist í sjö hluta sem eiga fátt sameiginlegt annað en höfund sinn og eru ýmist í bundnu máli eða lausu. Þátturinn Nýjasta sagan af Húsavíkur-Jóni kemur svolítið á skjön við innihaldið að öðru leyti, þó að vel sé ort. Efnistökin minna á Disney-rímurnar frægu þó að bragarháttur sé annar. Íslensk fyndni nefnist einn þátturinn, kímnar örsögur í lausu máli sem kalla fram bros, en eru hálf samhengislausar við ljóðin framar.




Svo tamt er Þórarni að eiga við orð, hnoða þau og móta sem efnivið í nýja sköpun að stundum er eins og viðureignin við formið ráði ferðinni – teymi höfund áfram viljugan nauðugan. Sum ljóðanna í þessari bók vekja slíkar hugrenningar (Dalsól, Marbendill), og stundum því líkast sem skáldið hafi berast lengra en það kannski ætlaði (Torrek o.fl.).

Sú hugsun sækir af og til á lesandann að höfundi liggi ekki nógu mikið á hjarta. Hann sé einfaldlega að fást við iðjuna sem lætur honum best, frekar af hagleik en ástríðu. Og þó. Í þættinum Varningur er einfaldir nytjahlutir og lifrænn úrgangur táknrænir fyrir líf mannsins og hlutverk í þessum heimi. Margt meistaralegt þar. Víðar í bókinni eru fagurlega smíðaðar gersemar þar sem saman fara tilfinning, lífssýn og fegurð í afar hnitmiðuðu formi (Gapað, Áð áður o.fl.). Ljóðið ÓE, sem er eftirmæli um systur skáldsins, ratar inn að hjartastað. Mark nefnist önnur falleg smíði þar sem segir:

*Gnauðar og gólar*
*þverflauta ryðgandi röra.*
*Ekkert net*
*fær við marki spornað.*
*Ekkert net*
*til að veiða vindinn.*
*Tíminn liðinn*
*vatnið þornað.*

Myndmálinu er víða við brugðið, eins og í Skyndilega allt svo skýrt þar sem „húsin stilla sér upp í einfalda röð“ í sólskininu og skerpa birtunnar á rúðunum veitir bæði útsýn og innsýn. Þá er kímnin aldrei langt undan og mörg ljóðin smellin og skemmtilega þaulhugsuð (Árstíðir, Lýðræði).

Vammfirring er hógvært réttnefni ljóðabókar sem þrátt fyrir sundurlausa heildarmynd geymir margar fagrar gersemar sem hver og ein stendur fyrir sínu. Þórarinn gengur hér fram af sama hikleysi og oft áður í fyrri bókum og á eigin forsendum:

*Ekkert ef*
*enn er vor.*
*Taka skref*
*skilja eftir spor.*

**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir.**

**NIÐURSTAÐA:** Margar gersemar í þessari kistu. Sumar ljóma.









# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




### JAMIE COOKS ITALY
KL. 19:55

Sérlega smart og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver leggur upp í spennandi ferð um Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.

**Frábær miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**






### GREY´S ANATOMY
KL. 20:45

Það er allt að gerast á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum og nú hafa nýir læknar bæst við bráðadeildina sem eiga það til að flækja málin.



### THE GOOD DOCTOR
KL. 21:30

Dramatískir þættir um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.




### CAMPING
KL. 22:15

Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smiðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.



### WENTWORTH
KL. 22:40

Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.

Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. stod2.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Ævintýri Tinna
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 15 Minute Meals
**10.45** The Big Bang Theory
**11.05** Spurningabomban
**11.50** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef The Professionals Australia
**13.45** The Heart Guy
**14.35** The Night Shift
**15.20** Léttir sprettir
**15.45** PJ Karsjó
**16.15** The Bold Type
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** I Feel Bad
**19.55** Jamie Cooks Italy Glæsilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver sem fer hér í sérlega spennandi ferð um gervalla Ítalíu í leit að uppskriftum að gómsætum réttum. Ítölsk matargerð á sér langa og margbrotna sögu og hér fer Jamie með okkur í heimsókn til kostakokka sem allir eiga það sameiginlegt að geta töfrað fram ekta ítalskan mat sem leikur við bragðlaukana og hittir beint í hjartastað.
**20.45** Grey's Anatomy
**21.30** The Good Doctor Önnur syrpa þessara vönduðu og dramatísku þátta með Freddie Highmore í aðalhlutverki og fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með Savant-heilkenni og er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.
**22.15** Camping
**22.40** Wentworth
**23.30** Lethal Weapon
**00.15** Counterpart
**01.00** Alex
**01.45** Humans
**02.35** Bancroft
**03.20** Bancroft
**04.10** Fear of Water

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Atletico Madrid - Dortmund
**08.55** Napoli - PSG
**10.35** Premier League Review
**11.30** Ítölsku mörkin
**12.00** Tottenham - PSV
**13.40** Inter - Barcelona
**15.20** Crvena zvezda - Liverpool
**17.00** Stjarnan - ÍBV
**18.30** Seinni bylgjan
**19.30** Meistaradeildarmessan
**22.00** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Seinni bylgjan
**23.30** Manchester City - Shakhtar Donetsk

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Crvena zvezda - Liverpool
**08.55** Inter - Barcelona
**10.35** Meistaradeildarmörkin
**11.05** Baltimore Ravens - Pittsburgh Steelers
**13.25** Everton - Brighton
**15.05** Chelsea - Crystal Palace
**16.45** Messan
**17.45** CSKA Moskva - Roma
**19.50** Juventus - Manchester United
**22.00** Stjarnan - ÍBV
**23.30** Bayern - AEK

## STÖÐ 3

**19.10** Anger Management
**19.35** Schitt's Creek
**20.00** Seinfeld
**20.45** Friends
**21.10** Two and a Half Men
**21.35** American Horror Story 8: Apocalypse
**22.20** Boardwalk Empire
**23.20** Supergirl
**00.50** The New Girl
**01.15** Schitt's Creek
**01.40** Seinfeld
**02.25** Friends
**02.50** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Pingu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Grettir
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.54** Pingu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og litli
**13.12** Tindur
**13.22** Mæja býfluga
**13.34** K3
**13.45** Grettir
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.54** Pingu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og litli
**17.12** Tindur
**17.22** Mæja býfluga
**17.34** K3
**17.45** Grettir
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Artúr og Minímóarnir

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**07.50** Shriners Hospitals for Children Open
**10.50** Shriners Hospitals for Children Open
**14.00** PGA Highlights
**14.55** TOTO Japan Classic
**18.30** Golfing World
**19.20** Turkish Airlines Open
**23.50** Shriners Hospitals for Children Open
**03.00** Blue Bay LPGA

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** Gifted
**13.55** Fly Away Home
**15.40** The Red Turtle
**17.05** Gifted
**18.45** Fly Away Home Amy litla sest að hjá föður sínum á bóndabæ í Ontario eftir að móðir hennar deyr í bílslysi. Allt líf stúlkunnar hefur gjörbreyst í einni svipan og hún er hálfgerður einfari í sveitinni. Dag einn finnur hún yfirgefið gæsahreiður sem er fullt af eggjum. Hún fer með eggin heim og hlúir að þeim þar til þau klekjast út.
**20.35** The Red Turtle
**22.00** Almost Married Gamanmynd um stegginn Kyle sem fær kynsjúkdóm eftir geggjaða steggjaveislu rétt fyrir brúðkaup og setur strik í reikninginn í sambandi hans við verðandi eiginkonu.
**23.40** The Gift
**01.30** London Road
**03.05** Almost Married

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld
**14.45** Plastbarkamálið
**15.45** Úr Gullkistu RÚV: Ferðastiklur
**16.30** Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum
**17.15** Sítengd - veröld samfélagsmiðla
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Sögur úr Andabæ
**18.45** Úti í umferðinni
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Kiljan
**20.40** Ofurheilar - Streita
**21.10** Rívíeran
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.25** Iceland Airwaves 2018
**01.00** Kveikur
**01.35** Kastljós
**02.00** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Ally McBeal
**14.35** Ný sýn
**15.10** Með Loga
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.35** King of Queens
**16.55** How I Met Your Mother
**17.20** Dr. Phil
**18.05** The Tonight Show
**18.50** The Late Late Show
**19.35** Survivor
**20.25** Líf kviknar
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Station 19
**22.35** Elementary
**23.20** The Tonight Show Nov 8, 2018
**00.50** NCIS
**01.35** 9-1-1
**02.25** Billions
**03.25** The Handmaid's Tale
**04.25** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

Engelbert Humperdinck



*Ævintýraópera fyrir hugrakka!*

# Hans & Gréta

BARNA- OG FJÖLSKYLDUSÝNING
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

HANS: **ARNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR** · GRÉTA: **JÓNA G. KOLBRÚNARDÓTTIR**
MÓÐIRIN (GEIRÞRÚÐUR)**: HILDIGUNNUR EINARSDÓTTIR** · FAÐIRINN (PÉTUR): **ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON**
NORNIN: **DÓRA STEINUNN ÁRMANNSDÓTTIR** · ÓLI LOKBRÁ: **KRISTÍN EINARSDÓTTIR MÄNTYLÄ**
**GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU · HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**

**LISTRÆNIR STJÓRNENDUR**
HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **ÞÓRUNN SIGÞÓRSDÓTTIR**
LEIKMYNDAHÖNNUÐUR **EVA SIGNÝ BERGER** · BÚNINGAHÖNNUÐUR **MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR**
LÝSING **JÓHANN FRIÐRIK ÁGÚSTSSON**

25. nóvember · 2018

#islenskaoperan / www.opera.is

ÍSLENSKA ÓPERAN

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Fyrir þínar bestu stundir






MÚMÍN
dúninniskór

Unaðslega hlýir dúninnskór með broderuðum hattifóttum. Sólinn er með stömum punktum til að koma í veg fyrir að þeir renni. 100% bómullarefni. 50% dúnn og 50% andafiður. Þrjár stærðir 26-31, 32-36 og 37-40

Fullt verð frá: 4.900 kr.

Aðeins frá 4.175 kr.




TIVOLI
svefnsófi



Tveggja sæta vandaður ítalskur svefnsófi. Dökkgrátt eða orange áklæði. Vönduð heilsudýna.
Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svefnsvæði: 140 x 195 cm

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins 195.415 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Airwaves-leiðarvísir týpanna

Airwaves-hátíðin gengur í garð í dag og eins og venjulega er ógrynni hljómsveita að spila. Fyrir venjulega fólkið er engin leið að rata í þessum frumskógi. Hér eru því nokkrar týpur til að aðstoða okkur.



Auð-

## Playlistabarnið

**Playlistabarnið er ungt að aldri og lætur lagalistana renna í gegn á streymisíðunum. Í uppáhaldi er elektróskotin popptónlist frá norðurhluta Evrópu þar sem fagrar kvenraddir eru oftast uppistaðan og ekki er verra ef þær eru sterkar persónur með hárgreiðslu sem gleymist ekki auðveldlega. Það er ýmislegt í boði fyrir þennan Airwaves gest á hátíðinni í ár enda glás af góðu skandi-poppi í boði.**

**Alma, Auður, Bríet, Hildur, Superorganism, Zaar,**



Hildur.



Cell7.



Daði Freyr.

## Gamli unglingurinn

**Gamli unglingurinn er týpan sem er í nákvæmlega sömu fötum og hann var í árið 2001 þegar hann skemmti sér geggjað vel á Rammstein í Laugardalshöll. Gamli unglingurinn á tvö börn og þarf að redda sér pössun áður en hann heldur niður í bæ en þegar það er komið þá er sko partíið að fara að byrja. Þessi týpa fílar góða blöndu af nöfnum sem hún man eftir úr partíum frá hátindi lífs hennar og listamönnum sem gera tónlist sem á einhvern hátt minnir á þá tónlist.**

**Cell7, Daði Freyr, Dead Sea Apple, Eivör, Grísalappalísa, JóiPé X Króli, Toy Machine**



ClubDub.



Floni.

## Clout-fórnarlambið

Clout-fórnarlambið er einungis mætt til að hafa gaman. Það í raun skiptir ekkert öllu hvaða hljómsveit er á sviðinu svo lengi sem einhver nettur horfir með aðdáun á Gucci-hliðartöskuna og það eru dúndrandi 808 trommur í hljóðkerfinu, þá er rosalega gaman.

ClubDub, Floni, Herra Hnetusmjör, Huginn, Yung Nigo Drippin, Injury Reserve

## Pælarinn

Pælarinn mætir með hnefann undir hökunni og er búinn að kortleggja nákvæmlega hvaða bönd hann ÞARF að sjá. Hátíðin er ekki partí fyrir pælarann heldur meira eins og bók sem hann þarf að liggja yfir hummandi. Eins og venjulega ætti Pælarinn að geta sagst hafa séð ___ löngu áður en ___ varð fræg.

Blood Orange, GDRN, Kef Lavík, Kælan mikla, Sigrún, JMSN, Cyber



GDRN.



Kælan mikla.










Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Við kynnum nýjan Hyundai i20 sem er enn betur útbúinn en eldri gerðir af i20. Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, og í nýjum 7" snertiskjá er hægt að nýta sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™. Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM90749


















María Birta er að gera góða hluti. Hér fyrir aftan eru aðalleikararnir að fá leiðbeiningar frá Tarantino. NORDICPHOTOS/GETTY

# María Birta í stórmynd Quentins Tarantino

Leikkonan **María Birta Bjarnadóttir**, landaði hlutverki Playboy-kanínu í myndinni Once Upon a Time in Hollywood, sem Quentin Tarantino leikstýrir. Ógurlegur fjöldi stórstjarna kemur saman í myndinni en þau Margot Robbie, Leonardo DiCaprio og Brad Pitt leika aðalhlutverkin í myndinni sem fjallar um morðið á Sharon Tate.

Leikkonan og verslunareigandinn María Birta Bjarnadóttir, fékk hlutverk í nýjustu mynd Quentins Tarantino. Myndin kallast Once Upon a Time in Hollywood og fjallar um morðið á Sharon Tate sem Manson-klíkan framdi. Fjölmargar ofurstjörnur Hollywood munu leika í myndinni en Margot Robbie mun leika Tate, Leonardo DiCaprio og Brad Pitt leika félagana Cliff Booth og Rick Dalton sem búa við hlið Tate í Hollywood.

„Ég fékk þann mikla heiður að fá að taka þátt í þessu meistaraverki og er búin í tökum,“ segir María Birta. Eðlilega getur hún ekki rætt frekar um hlutverkið eða annað sem viðkemur myndinni. Á vef IMDb kemur fram að María muni leika Playboy-kanínu ásamt þeim Natalie Cohen, Kerry Westcott og Courtney M. Moore. Þær hafa allar farið með smáhlutverk í nokkrum stórmyndum.

Fyrir utan þau sem fara með aðalhlutverkið er valinn maður í hverju rúmi. Dakota Fanning, Kurt Russell, Al Pacino, Timothy Olyphant, Lena Dunham, Luke Perry, Tim Roth og Damian Lewis svo nokkrir séu nefndir auk þeirra reglulegu gesta sem leika í myndum Tarantinos. Þá er Rumer Willis, dóttir þeirra Bruce Willis og Demi Moore, með hlutverk sem og Maya Hawke, dóttir þeirra Umu Thurman og Ethans Hawke.

Once Upon a Time in Hollywood er beðið með gríðarlegri eftirvæntingu enda vekja myndir Tarantinos venjulega mikla athygli og umtal.

**benediktboas@frettabladid.is**





Margot Robbie.

## HROTTALEGT MORÐ

**Sharon Tate var 26 ára gömul þegar hún var myrt ásamt fjórum öðrum af meðlimum Manson-klíkunnar á heimili Tate í Hollywood 9. ágúst árið 1969. Tate var gift pólska leikstjóranum Roman Polanski en þegar hún lést var hún gengin átta og hálfan mánuð með son þeirra. Manson-klíkan var leidd af glæpamanninum Charles Manson. Meðlimir klíkunnar fóru eftir fyrirmælum Mansons þegar þeir myrtu Sharon Tate.**




Quentin Tarantino og Al Pacino við tökur á myndinni í Los Angeles sem er sögusviðið. NORDICPHOTOS/GETTY



## QUENTIN JEROME TARANTINO

**Fæddur:** 27. mars 1963
**Myndir:** Reservoir Dogs, Pulp Fiction, Jackie Brown, Kill Bill, Death Proof, Inglourious Basterds, Django Unchained, The Hateful Eight
**Verðlaun:** Óskarsverðlaun 2, Bafta 2, Golden Globe 2
**Óskarstilnefningar:** 25

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


COMBO-TILBOÐ
PANINI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
TORTILLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PIZZA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PYLSA OG GOS*
549 KR
FULLT VERÐ: 748 KR
2 PYLSUR OG GOS*
649 KR
FULLT VERÐ: 1.097 KR
CROISSANT MEÐ ÁLEGGI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 898 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KLEINU-HRINGUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
SNÚÐUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
BEYGLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KAFFI OG KLEINA
299 KR
FULLT VERÐ: 548 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS*
799 KR
FULLT VERÐ: 1.198 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS*
699 KR
FULLT VERÐ: 998 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Davíðs Þorlákssonar




## Sýndarlýðræði

Verkefninu Hverfið mitt lauk í síðustu viku þar sem borgarbúum gefst kostur á að koma með tillögur um hvað borgin gæti gert í hverfinu þeirra. Borgin velur nokkrar þeirra og leyfir íbúum að kjósa um þær. Borgin var ansi ánægð með að metþátttaka væri að þessu sinni, sem þó var aðeins 12,5% á meðan hún var 67% í borgarstjórnarkosningunum.

Af hverju skyldu ekki fleiri vilja taka þátt? Skýringuna má kannski finna þegar farið er yfir þau verkefni sem kosið er um. Þar má t.d. finna endurbætur á göngustígum, malbikun, málun yfir veggjakrot, endurgerð sparkvallar, betrumbætur á göngu- og hjólaleið, fjölgun ruslatunna, lýsingu göngustígs, endurnýjun vatnspósta og uppsetningu strætóskýla. Þótt ég sé stuðningsmaður þess að verkefnum hins opinbera sé sem mest úthýst til einkaaðila þá finnst mér ekki þörf á að úthýsa forgangsröðun augljósra viðhaldsverkefna til borgarbúa.

Hvernig væri að gefa borgarbúum raunverulegt val um eitthvað sem máli skiptir? Hvort fólk vilji forgangsraða fé til lögbundinna verkefna eins og leikskóla svo þeir geti tekið fyrr við börnum? Eða til grunnskóla svo sama fé fylgi barni óháð því hvaða skóla foreldrar þess velja að senda það í? Eða til skipulags- og byggingarmála til að auka málshraða og hraða nauðsynlegri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis? Hverfið mitt virðist nefnilega fyrst og fremst vera til að sýnast, ekki til þess að gefa borgarbúum raunverulegt val. Ef Borginni minni yrði hleypt af stokkunum þar sem við fengjum að kjósa um stóru línurnar í forgangsröðun verkefna borgarinnar, þá held ég að þátttakan yrði meiri.











*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS